

Eyrarbakki

Verndarsvæði í byggð

Tillaga og greinargerð

September 2020

TIL KYNNINGAR

Skjal sóð af 2209745109, dags. 30.10.2020



1. útgáfa júlí 2020

Unnið fyrir Sveitarfélagið Árborg

Höfundur: Svanhildur Gunnlaugsdóttir, landslagsarkitekt hjá Landform ehf

Umsjón: Oddur Hermannsson, landslagsarkitekt hjá Landform ehf

Ljósmynd á forsíðu: Loftmynd. Heimild Héraðsskjalasafn Árnesinga

© Landform ehf



Efnisyfirlit

1. TILLAGA AÐ VERNDARSVÆÐI Í BYGGÐ	1
1.1 Afmörkun verndarsvæðisins	1
1.2 Rökstuðningur	3
1.3 Skilmálar	4
2. GREINARGERÐ MEÐ TILLÖGU	4
2.1 Svæðislýsing	7
2.2 Saga og þróun byggðar	9
2.3 Friðlýst hús, friðuð hús og umsagnarskyld hús	15
2.4 Minjar	19
2.5 Greining á svipmóti byggðar	25
2.6 Varðveislumat	53
2.7 Verndarstefna	60
2.8 Skilmálar um verndun og uppbyggingu	62
2.8.1 Almennir skilmálar	65
2.8.2 Reitur 1	66
2.8.3 Reitur 2	69
2.8.4 Reitur 3	71
UMSAGNARFERLI OG SAMÞYKKT Í BÆJARSTJÓRN	74
HEIMILDASKRÁ	75
VIÐAUKAR: KORT 1-3	77



1. TILLAGA AÐ VERNDARSVÆÐI Í BYGGÐ

Bæjarstjórn Sveitarfélagsins Árborgar hefur samkvæmt 1. mgr. 4. gr. laga nr. 87/2015 um Verndarsvæði í byggð, látið meta hvort lög um verndarsvæði í byggð eigi við um elsta hluta þorpsins á Eyrarbakka. Á grundvelli þess mats, sem fram kemur í þessari greinargerð með tillögu að vernd í byggð, leggur bæjarstjórn til að sá hluti þorpsins á Eyrarbakka, sem samkvæmt aðalskipulagi Árborgar 2010–2030 fellur undir hverfisvernd, fái stöðu verndarsvæðis í byggð, skv. fyrrgreindum lögum. Svæðið er um 28 ha að stærð og nær yfir elsta hluta Eyrarbakka þar sem flest hin svokölluðu aldamótahús standa og voru byggð út frá jörðunum Einarshöfn, Skúmsstöðum og Háeyri.

Tillaga þessi byggir enn fremur á reglugerð um verndarsvæði í byggð nr. 575/2016 sem gefin er út af forsætisráðuneytinu. Samkvæmt 1. gr. reglugerðarinnar kemur fram að við mat á varðveislugildi byggðar skuli bæjarstjórn m.a. líta til heildarásýndar byggðar, heildarsvips bygginga og tengsla hennar við staðhætti og umhverfi. Enn fremur segir í 3. gr. reglugerðarinnar að fjalla skuli um varðveislugildi og setja skilmála um verndina. Verndunin nær til húsa, byggðarmynsturs og fornminja innan verndarmarkanna.

Með verndun byggðar á Eyrarbakka, skv. hinum nýju lögum, er viðurkennd sérstaða Eyrarbakka sem heilsteypts byggðarkjarna frá aldamótum 1900, sem er dæmi um gamalt íslenskt verslunar- og sjávarþorp þar sem húsagerðarlist hefur blómstrað með sérstökum hætti og stór hluti hennar varðveist fram á þennan dag.

1.1 Afmörkun verndarsvæðisins

Afmörkun verndarsvæðisins tekur mið af afmörkun hverfisverndar eins og hún er skilgreind í aðalskipulagi Árborgar 2010–2030, en nær auk þess til votlendisins milli Þykkvaflatar og Steinskotsbæjanna, sem kallast Hóp. Afmörkun meðfram ströndinni ræðst af núverandi sjóvarnargarði. Afmörkun hverfisverndar í aðalskipulagi var á sínum tíma ákvörðuð út frá því að ná til aldamótabyggðarinnar og skapa samfellu meðfram aðalgötunni. Sú áhersla endurspeglast í meðfylgjandi tillögu. Þegar matsferlið var langt komið var ákveðið að bæta votlendissvæðinu sem liggur milli þorpsins og Steinskots við, og við það verður svæðið samfelld frá Einarshafnarhverfi og austur að Steinskoti. Tilgangurinn með því er m.a. að vernda búsetulandslagið við Steinskot, með hlöðnum gördum, túnnum og votlendi og varna því að á því verði byggt í framtíðinni, eins og gerst hefur með aðra kotbæi norðan við þorpið. Til umræðu kom einnig að verndarsvæðið næði til Litla-Hrauns og Barnaskólans, en elstu húsin þar eru frá 1922 og 1913. Ákveðið var að hafa þessi hús ekki með að svo stöddu, bæði vegna þess að þau eru mikið breytt og hluti af stærri stofnunum með mörgum nýbyggingum og vegna staðsetningar þeirra. Þessa afstöðu má endurskoða ef þurfa þykir síðar.

Til hægðarauka við skilmálagarð og umfjöllun um byggðina, er verndarsvæðinu skipt í þrjá reiti, þar sem reitur 1 er vestasti hlutinn og nær yfir Einarshafnar- og Skúmsstaðasvæði, reitur 2 nær yfir miðju þorpsins þar sem Háeyrarbæirnir stóðu og reitur 3 nær til austasta hlutans, Mundakotsbæjanna og Steinskots. Auk reitaskiptingar ganga ýmis svæði undir gömlum heitum eins og Einarshafnarhverfi, Skúmsstaðahverfi, Mundakotshverfi og eru mörk þessara hverfa óljós en gefa vísbendingu um hvar í þorpinu tiltekin hús eru.





Kort 1: Yfirlit yfir verndarsvæðið og skiptingu í reiti



1.2 Rökstuðningur

Innan verndarsvæðisins er að finna eina heillegustu, samfelldu byggð alþýðuhúsa frá því um og eftir aldamótin 1900, sem varðveist hefur á Íslandi. Þrjú þessara húsa eru friðlýst skv. 31. gr. laga um menningarminjar nr. 80/2012, en það eru Húsið, Assistentahúsið og Eyrarbakkakirkja. Stór hluti húsa innan verndarsvæðisins eru friðuð skv. 29. gr. þar sem þau hafa náð 100 ára aldri, eða eru umsagnarskyld skv. 30. gr. sömu laga. Í greinargerð þessari er vísað til þessara húsa sem aldamótahúsa, og er það í samræmi við umfjöllun um byggingararfinn á Eyrarbakka á öðrum vettvangi.

Saga þorpsins er samofin sögu verslunar og sjósóknar og enn má greina augljós spor og minjar frá þessum gamla tíma á Eyrarbakka, sem er einstakt í nútíma þorpi og mikilvægt að á hana sé bent með afgerandi hætti. Þó svo að spor fyrri tíma séu mjög greinileg og mörg hús og hlaðnir garðar heillegir, þá hafa menningarleg verðmæti horfið á undanförunum áratugum. Helst ber þar að nefna Vesturbúðina, verslunarhús danskra kaupmanna, sem var rifin árið 1950 og efniviður úr versluninni fluttur til Þorlákshafnar og nýttur í atvinnuhúsnæði þar, sem síðar brann. Í dag er ólíklegt að slíkt myndi henda, m.a. tryggja lög um menningarminjar aðkomu Minjastofnunar Íslands að ákvörðun um örlög svo einstakra húsa. Það sem lög um menningarminjar tryggja hins vegar ekki með fullnægjandi hætti, er varðveisla heildarinnar. Mörg húsanna innan verndarsvæðisins eru kannski ekki svo ýkja merkileg hvert fyrir sig, en samspil þeirra, byggðarmynstrið og sagan mynda þá heild sem vert er að vernda og hægt er að tryggja með því að skilgreina svæðið sem verndarsvæði í byggð.

Eyrarbakki skipar stóran sess í verslunarsögu Íslands, en þar var einn helsti verslunarstaður á Suðurlandi um aldir. Einnig var þar stundað útræði þrátt fyrir erfiðar hafnaraðstæður og var útgerðin hvað öflugust á síðari hluta 20. aldar. Það eru þó ekki einungis verslunarhús og hús útgerðarinnar sem hafa menningarsögulegt gildi, heldur er hér að finna fjöldann allan af smærri íbúðarhúsum alþýðufólks sem er skýr vitnisburður um það hvernig fólk bjó um og eftir aldamótin 1900. Innan við nýjan og öflugan sjóvarnargarð má finna leifar gamalla hlaðinna sjóvarnargarða sem vernduðu íbúðar- og verslunarhús fyrir ágangi sjávar. Umfang þessara garða og samspil þeirra við byggðina auka enn verndargildi hennar.

Mikilvægt er, ekki aðeins fyrir Eyrarbakka og Sveitarfélagið Árborg heldur landið allt, að glata ekki þessum einkennum heldur styrkja þau og vernda og nota til jákvæðrar kynningar og fræðslu. Markmiðið með því að skilgreina þennan hluta þorpsins sem verndarsvæði í byggð, er ekki einungis að vernda söguna og byggingararfinn, heldur standa vonir til þess að með því aukist skilningur íbúa og bæjaryfirvalda á því hversu mikilvægur þessi menningarsögulegi arfur er, sem aftur leiði til þess að honum sé sómi sýndur. Svo það megi takast, þarf samhent átak allra sem að uppbyggingu og viðhaldi svæðisins koma.



1.3 Skilmálar

Markmið með skilmálum fyrir verndarsvæði í byggð á Eyrarbakka eru eftirfarandi:

- að vernda og styrkja yfirbragð byggðar sem heild
- að vernda einstök hús og ólíka byggingargerð þeirra og sérkenni sem hafa þróast á Eyrarbakka
- að stuðla að því að aldamótahús sem tekið hafa miklum breytingum verði gerð upp í þeim byggingarstíl sem einkenndi þau í upphafi að vernda sýnilegar minjar og samspil þeirra við byggðina
- að stuðla að því að frágangur og hönnun gatna, stíga og almennarýma falli að því yfirbragði byggðar sem sóst er eftir

Skilmálum er skipt í almenna skilmála fyrir allt svæðið og svo nánari skilmála fyrir reiti 1-3, þar sem nánar er kveðið á um einstakar heimildir. Skilmálana í heild sinni má sjá í kafla 2.8.

2. GREINARGERÐ MEÐ TILLÖGU

Inngangur

Byggðin á Eyrarbakka er sérstök fyrir margra hluta sakir og þar fléttast saman saga byggðarinnar, varðveisla, svipmót og samspil hennar við umhverfið. Hér á eftir er fjallað um varðveislugildi byggðarinnar út frá þessum þáttum og færð rök fyrir því hvers vegna mælst er til þess að hún falli undir verndarsvæði í byggð. Við matið er stuðst við þá aðferð að LÝSA – GREINA – META, stundum nefnd DIVE aðferðin. Við mat á varðveislugildi byggðarinnar skal horft til heildarásýndar byggðarinnar og svipmóts hennar. Við athugun og mat á verndargildi svæðisins lá til grundvallar húsakönnun og minjaskráning sem unnar voru samhliða tillögunni.

Húsakönnunin nær til allra húsa innan verndarsvæðisins, sem skráð eru í fasteignaskrá og örfárra til viðbótar. Húsakönnunin var unnin samkvæmt leiðbeiningum Minjastofnunar, en þar er skráningunni skipt í grunnskráningu og varðveislumat. Húsakönnunin var unnin í samstarfi Héraðsskjalasafns Árnesinga, þar sem Guðmunda Ólafsdóttir sá að mestu leyti um grunnskráningu og sögu húsanna, og Guðlaugar Ernu Jónsdóttur arkitekts sem sá um varðveislumatið.

Margrét Hrönn Hallmundsdóttir fornleifafræðingur sá um minjaskráningu svæðisins. Til grundvallar lágu fyrri skráningar á vestari hluta svæðisins, sem unnar voru í tengslum við fyrri deiliskipulagsáætlanir í Einarshafnarhverfi og Skúmsstaðareitnum og spanna yfir 14 ára tímabil. Í tengslum við verkefnið Verndarsvæði í byggð hefur verið unnið að því að sameina þessar skráningar í eina skýrslu og mæla upp sýnilegar minjar.



Að lokum mun ein fornleifaskýrsla verða gefin út fyrir allt svæðið sem sameinar fyrri skráningar og nýjar viðbætur á austurhluta svæðisins. Talsverð vinna er enn óunnin við að yfirfara og samræma skráningu svo texti og númer passi saman.


Hugmyndin um varðveislu gömlu byggðarinnar innan þorpsins er ekki ný af nálinni. Árið 1989 gaf Þjóðminjasafn Íslands út húsakönnun á Eyrarbakka sem unnin var af Lilju Árnadóttur. Þar var fjallað um einstök hús, sögu þeirra og varðveislugildi, en einnig sett fram tillaga að varðveislu þorpsmyndarinnar á Eyrarbakka. Hugmyndir um svæðisbundna vernd voru síðan settar fram í Aðalskipulagi Eyrarbakka árið 1997, sem arkitektarnir Jon Nordsteien og Ólög Flygenring unnu. Á vefsíðunni www.Eyrarbakki.is, sem er í umsjón og eigu Ingu Láru Baldvinsdóttur og Magnúsar Karels Hannessonar, hefur skráningu húsa verið haldið til haga og viðbætur gerðar við húsakönnunina frá 1989.

Eftir sameiningu sveitarfélaganna í vesturhluta Flóans í nýtt sveitarfélag, Sveitarfélagið Árborg, var svæðisvernd aðalskipulags Eyrarbakka breytt í hverfisvernd í nýju aðalskipulagi Sveitarfélagsins Árborgar, sem samþykkt var árið 2006 og Teiknistofan Þverá vann. Við endurskoðun aðalskipulagsins árið 2012 var mörkum hverfisverndarinnar á umræddu svæði haldið óbreyttum. Það er því ljóst að lengi hefur ríkt skilningur og ríkur vilji til þess að vernda byggðina sem heild en ekki eingöngu einstök hús hennar.

Í seinni tíð hafa nokkrar deiliskipulagsáætlanir verið unnar, bæði vegna stækkunar þorpsins með nýjum lóðum en einnig til þess að setja skilmála innan gömlu byggðarinnar. Deiliskipulagsáætlanir sem í gildi eru innan marka verndarsvæðisins og í nágrenni, eru eftirfarandi:

1. Dsk. við Hjalladæl frá 1994.
2. Dsk. við Hjalladæl frá 2004.
3. Dsk. Mundakotshverfi frá 1994.
4. Dsk. Búðarstígs 19 frá 1999.
5. Dsk. Eyrargata 51-53 frá 2009.
6. Dsk. Einarhafnarhverfis frá 2006 – Breyting á skipulagi frá 1989.
7. Dsk. Hulduhóls frá 2005.
8. Dsk. Skúmstaða-, Eyfakots- og Háeyrarhverfis frá 2015.





Kort 2: Yfirlit yfir gilðandi deiliskipulagsáætlanir



Í flestum tilvikum taka deiliskipulagsáætlanir innan svæðisins mið af hverfisverndinni og þeim verndarsjónarmiðum sem þar koma fram en mismikið þó. Í deiliskipulagi Mundakotshverfis frá 1994 voru sett ákvæði um húsagerð, en þar kom fram að hús skyldu falla að þeirri byggingarhefð sem er ríkjandi á Eyrarbakka, þ.e. hús í gömlum stíl og er þar miðað við eina húsagerð. Í deiliskipulagi fyrir Einarshafnarhverfið frá 2006, sem var breyting á fyrra skipulagi þar sem nýjar lóðir voru rúðulaga skv. nútíma skipulagshefðum, var leitast við að lóðarmörk tækju mið af hlöðnum görðum en húsagerð höfð frjalsari en í Mundakotshverfinu, þó hlutföll húsa skyldu falla að eldri byggð. Í deiliskipulagi Skúmsstaða-, Eyfakots- og Háeyrarhverfis var áhersla lögð á ákvæði um viðbyggingar húsa og nýbyggingar, sem skyldu falla vel að núverandi byggð.

2.1 Svæðislýsing

Eyrarbakki liggur við suðvesturströnd Íslands, austan við Ölfusárósa og tilheyrir Sveitarfélaginu Árborg, ásamt Stokkseyri, Selfossi og fyrrum Sandvíkurhreppi. Eyrarbakki byggðist upp á jörðunum Einarshöfn, Skúmsstöðum og Háeyri, sem allar áttu land að sjó.



Kort 3: Yfirlitsmynd



Kort 4: Afmörkun verndarsvæðis og jarðamarka á Eyrarbakka



Eyrbakki stendur á grónum sand- og sjávarbakka þar sem Þjórsáhraunið rann til sjávar á sínum tíma. Hraunið myndar grófan og ógnvekjandi skerjagarð úti fyrir ströndinni sem býður engu að síður upp á fjölbreytt fugla- og dýralíf. Byggðin er í um 5 m h.y.s. og ágangur sjávar hefur verið mikill gegnum tíðina og nokkur stór flóð hafa haft mikla eyðileggingu í för með sér. Eftir því sem byggðin tók að myndast og þéttast hefur verið reynt að draga úr áhrifum sjávarágangs og sjóvarnargarðar verið hlaðnir upp til varnar. Í dag er nýlegur varnargarður meðfram sjávarbakkannum áberandi landslagseinkenni en einnig má sjá leifar eldri varnargarða innan hans.

Innan við sjóvarnargarðinn er gróinn sandhryggur, þar sem byggðin stendur og ofan við hann voru ræktuð tún, sem að hluta til hafa haldið sér, en önnur hafa

verið tekin undir byggð á undanförunum áratugum. Byggðin myndar um 230–300 m breitt og tæplega 2 km langt belti meðfram ströndinni. Ofan við byggðina taka við mýrar með allmiklum dælum og tjörnum.

Ágætt aðgengi er að fjörunni neðan við sjóvarnargarðinn og ofan á honum er vinsæl gönguleið og fallegt útsýni bæði á haf út og inn yfir þorpið. Norðan og austan við þorpið er nokkuð votlendi og fjölbreytt fuglalíf. Samspil flóðs og fjöru sem og vallendis og votlendis er mikilvægt fjölbreyttu fuglalífi við ströndina. Hópið er votlendissvæði austast á verndarsvæðinu, um 3,5ha að stærð og var áður fyrr sjávarlón en er nú startjörn (Sigurður Guðjónsson 1981, bls. 286). Á jaðri þess að vestanverðu eru ræktuð tún.



Mynd 1: Eyrbakki árið 2002



2.2 Saga og þróun byggðar

Eyrarbakki var einn helsti verslunarstaður Íslands á öldum áður og þangað sigldu verslunarskip frá Danmörku á tímum einokunarverslunarinnar, en frá öðrum löndum fyrir þann tíma. Í raun voru hafnarskilyrði ekki góð með Suðurströndinni. Talið er að við landnám hafði verið siglt inn ósinn við Ölfusá og að áin hafi verið skipgeng allt til 1104 eða þar til Hekla gaus og vikur frá gosinu fyllti ósinn. Upp úr því byggist Einarshöfn upp sem verslunarstaður.

Vegna ágangs sjávar og flóða flutti verslun Einarshafnar yfir á land Skúmsstaða í kringum 1653 (Vigfús Guðmundsson). Skúmsstaðir voru stórbýli og þó nokkuð þétt byggð var á jörðinni á þeim tíma og fjöldi hjáleiga og tómhúsa. Háeyri er sú jörð sem mið- og austurhluti þorpsins stendur á. Það var stór jörð og mannmörg og þar stóðu bænahús, hjáleigur, þurrabúðir og einnig verslunarhús. Þorleifur Kolbeinsson ábúandi Stóru-Háeyrar rak lengi verslun á jörð sinni og síðar tengdasonur hans Guðmundur Ísleifsson. Guðmundur byggði verslunarhús árið 1883, sem gekk undir nafninu Austurbúð (Magnús Karel Hannesson, munnleg heimild) og stóð húsið á Eyrarbakka til 1927, en þáverandi eigandi, Jóhann V. Danielsson flutti það með sér til Reykjavíkur og setti upp við Skerjafjörð og nýtti sem íbúðarhús (Vigfús Guðmundsson 1949, bls. 189). Önnur verslunarhús Stóru-Háeyrar hafa ekki varðveist. Bærinn Háeyri stóð þar sem nú er Eyrargata 28.



Kort 5: Kort frá 1903. Hér má greinilega sjá aflangt byggðarmynstrið, samfellda varnargarða og kotbýlin norðan við þorpið. Heimild Skipulagsstofnun.



Vitað er að kirkja hafi verið á Skúmsstöðum árið 1412 og bæði kirkjur og bænahús eftir það. Áður en sú kirkja sem nú stendur og vígð var árið 1890 reis, áttu Eyrbekkingar kirkjusókn á Stokkseyri. Heimildir um kirkjugarð í landi Skúmsstaða eru ekki einhlítar en verður þó að teljast líklegt að þar hafi verið kirkjugarður, sérstaklega í ljósi þess að í kringum kirkjuna hafa staðið mörg hús sem heita nöfnum sem öll eru dregin af orðinu Garður. Þegar núverandi kirkja var reist var ekki rými fyrir kirkjugarð og var honum fundinn staður í landi Háeyrar og var kirkjugarður þar vígður árið 1894.

Einokunarverslun hófst um 1600 og fékkst leyfi árið 1602 til þess að stunda sumarverslun í Einarshöfn. Þar var stunduð verslun fram til 1653, þegar hús verslunarinnar voru flutt á Skúmsstaði. Það var gert í kjölfar mikilla flóða og sandburðar, en eftir að verslunin var flutt lagðist jörðin í eyði.

Einokunarverslun stóð fram til 1787. Bæði verslunin og kaupmenn voru oft á tíðum illa liðnir; vöruúrval lítið og verð hátt. Árið 1868 eignaðist Lefolii-fjölskyldan verslunina og við tók blómlegt skeið verslunar á Suðurlandi. Skipaferðum fjölgaði en þó varð engin grundvallarbreyting á verslunarháttum. Verslunarhús í landi Skúmsstaða voru reisuleg og standa Húsið og Assistentahúsið enn, en þau voru byggð árin 1765 og 1881. Sjálf verslunarhúsin, Vesturbúðin voru í fullri notkun fram á þriðja áratug 20. aldarinnar og stóðu allt til 1950, en voru þá rifin og flutt til Þorlákshafnar.

Frá upphafi var verslunin svo til eingöngu í höndum danskra kaupmanna eða allt til ársins 1850, en þá lögðu heimamenn út í samkeppni við þá. Smám saman fjölgaði bæði íbúum og kaupmönnum á Eyrarbakka, eða allt þar til bílar komu til sögunnar upp úr 1920 og samgöngur breyttust þannig að Eyrarbakki var ekki lengur í þjóðbraut. Eyrarbakkaheppur er stofnaður árið 1897 og var þorpið þá enn í örum vexti, en áður hafði það tilheyrt Stokkseyrarheppi.

Upp úr 1920 varð ákveðinn viðsnúningur í þróun þorpsins á Eyrarbakka sem rekja má til bættra samgangna og má þar helst nefna brú yfir Ölfusá og bættu höfn í Reykjavík. Skip stækkuðu og ný höfn var tekin í notkun í Reykjavík árið 1917 sem hafði þau áhrif að móttaka verslunarskipa á Eyrarbakka varð enn óhagstæðari og þungi verslunar fluttist frá Eyrarbakka. Brú yfir Ölfusá við Selfoss togaði einnig til sín verslun og þjónustu. Egill Thorarensen fékk verslunarleyfi á Selfossi árið 1919 og þar var lagður grunnur að blómlegu verslunarskeiði á Selfossi, sem haldist hefur fram til dagsins í dag. Á Eyrarbakka hélst þó áfram blómlegt mannlíf þrátt fyrir að drægi úr verslunarhlutverki staðarins og atvinnulífið byggði í auknum mæli á sjósókn. Frystihúsið, Hraðfrystistöð Eyrarbakka hf. tók til starfa vorið 1944 og var lengi einn stærsti vinnustaður þorpsins. Frystihúsið var rekið í félagi og áttu einstaklingar stóran hlut í félaginu en hreppurinn, sem reglulega jók hlutafé sitt þegar rekstur gekk illa, eignaðist smátt og smátt félagið og rak það til 1985, þegar húsin voru leigð Suðurvör í Þorlákshöfn. Frystihúsið er langstærsta húsið á Eyrarbakka að grunnfleti, eða um 780 m² að stærð.



Byggðin

Þorpið einkenndist í upphafi af bæjarþyrpingum eða bæjarröðum á smáum hæðum og hólum eða þar sem minnst hætta var á tjóni af völdum vatns og sjávarflóða. Skúmsstaðir og Einarshöfn voru í eigu dönsku konungsverslunarinnar. Jarðeigendur úthlutuðu húsbyggjendum lóðum undir hús og má því segja að skipulagið hafi verið í þeirra höndum. Allir höfðu aðgengi að beitilandi fyrir búpening sinn og kálgarðar voru víða og voru þeir varðir af hlöðnum görðum sem enn má sjá leifar af inn á milli húsa.

Einkennandi fyrir byggðina er hið aflanga byggðarmynstur meðfram ströndinni, með lágrestum og litlum húsum, sem víða standa þétt saman í þyrpingum og einnig nokkuð nálægt götukanti aðalgötunnar. Lóðir eru oftast litlar og oft óreglulegar í lögun. Á sumum lóðum er hvorki pláss fyrir bílskúra né heldur bílastæði og hefur verið komið til móts við það með ýmsum hætti, s.s. með sérstökum lóðum fyrir bílskúr og bílastæðum meðfram götu. Verslunarhús og önnur byggð á eyrinni stóð óvarin gegn opnu hafi og snemma var hafist handa við að verja byggðina gegn áganginum. Vitað er um allmörg flóð sem gerðu skaða en þau sem einna helst hafa haft áhrif á þróun byggðar eru Háeyrarflóðið 1653. Í því flóði var verslunin flutt frá Einarshöfn eins og áður sagði, en nafngift flóðsins bendir til að það hafi gert verulegan skaða á bænum Háeyri. Annað stórt og þekkt flóð varð árið 1799, Stórafloð, einnig þekkt sem Básendaflóð. Í kjölfar flóða voru víða byggðir varnargarðar, í fyrstu aðallega til að verja verslunarhús og síðar einnig önnur hús og jarðir. Guðmundur Ísleifsson lét byggja sjóvarnargarð til varnar landi sínu á árunum 1900–1904. Garðurinn var 823 faðmar að lengd og náði yfir allt Háeyrarland (Þórhallur Bjarnason 1906, bls. 5–6).

Þessir gömlu sjóvarnargarðar urðu sífellt fyrir skemmdum og þurfti stöðugt að endurnýja. Öflugt flóð varð á Eyrarbakka í janúar 1990 sem olli miklum skaða. Með nútíma tækni var hægt að ráðast í mun öflugri varnargarða meðfram ströndinni og var fyrsta áfanga við framkvæmdir á nýjum sjóvarnargarði við Eyrarbakka lokið 1991 og var hann þá um 1,4 km að lengd. (Morgunblaðið 16. ágúst 1991). Viðbætur voru gerðar á næstu árum á eftir og er hann nú um 2 km að lengd og nær frá höfninni í vestri og austur fyrir barnaskólann, á móts við Litla-Hraun.



Mynd 2: Drónflug 2020. Hér má sjá hvernig sjóvarnargarðurinn, Eyrargata og Túngata mynda samhliða línur í landslaginu.



Aðkomuleiðir, götur og stígar

Þjóðvegurinn liggur nú um 500 m frá ströndinni. Tvær aðalgötur liggja innan þorps í austur-vestur stefnu. Aðalgatan næst sjóvarnargarðinum heitir vestast Búðarstígur þá Eyrargata og austast Háeyrarvellir. Samhliða henni, nokkru norðar er Túngata, sem var lögð á 7. áratug síðustu aldar. Þvergötur sem ná milli þjóðvegur og Búðarstígs/Eyrargötu eru talið frá vestri; Hafnarbrú, Álfsstétt og Hraunteigur austast. Þvergötur sem liggja milli Túngötu og Búðarstígs/Eyrargötu eru Nesbrú, Bakarísstígur, Hjallavegur og Háeyrarvegur. Bárðarbrú liggur á milli Eyrarbakkavegar og Túngötu. Elstu vegirnir á Eyrarbakka voru svokallaðar brýr, sem voru upphlaðnar slóðir sem lágu yfir votlendið og sjást þær vel á korti frá 1903. Elstur þessara vega er Álfsstétt, sem lá um 3 km leið til norðausturs frá þorpinu (Sigurður Guðjónsson bls. 258).

Á korti frá 1903, sem danska hermálaráðuneytið lét vinna, má sjá hvernig helstu götur innan þorpsins, voru þá þegar lagðar. Áberandi er Búðarstígur og opna rýmið austan við Vesturbúðina, sem einnig sést mjög greinilega á korti frá 1930. Hlaðnir veggir kringum hús og garða mynda þröngar traðir heim að húsum og þannig er t.d. hægt að fíkra sig gegnum Einarshafnarhverfið og Skúmsstaðahverfið eftir þröngum tröðum og stígum. Upphaflega hafa þetta verið moldargötur og enn í dag eru sumar göturnar malargötur. Lega Bárðarbrúar er breytt 1930 frá því sem hún er 1903, fer nú austur fyrir Norðurkot og að kirkjunni norðanverðri, en lá áður vestan við Norðurkot og kom niður á Búðarstíg vestan við Hraungerði. Háeyrarvegur sést greinilega á báðum kortum, nær niður að Eyrargötu. Í dag er gatan sem lá norðan við túnin hjá Litlu- og Stóru-Háeyri og tengdi saman Neistakot¹, Simbakot, Sandvík, Bráðræði, Tún og Sandprýði, horfin. Túngata liggur að hluta til á þessari götu.

1 Á korti frá 1903 er kotið nefnt Neistakot, en á uppmælingu frá 1930 er það nefnt



Víða má sjá traðir sem liggja niður að sjó og þar eru þá gjarnan hlið í gamla sjóvarnargarðinum. Þær traðir sem eru sýnilegar á kortinu frá 1903 eru t.d. við Hlið, austan við Rafstöðina, framhjá Eyri og Suðurgötu sunnan við Litlu-Háeyri og sunnan við Stígprýði þar sem nú er Grund. Þessar traðir eru enn sýnilegar á kortinu frá 1930.

Inn á milli elstu húsaþyrpinganna er gatnaskipan oft á tíðum óregluleg, þannig er t.d. vestast í Einarshafnarhverfinu nokkuð breytilegt hvar aðkoma er að húsunum, en hún getur verið bakatil. Með síðari tíma deiliskipulagi hefur verið leitast við að tryggja aðkomu að flestum húsum en nýjar aðkomuleiðir samkvæmt skipulagi hafa ekki í öllum tilvikum verið útfærðar. Á nokkrum stöðum er aðgengi að baklóðum gegnum lóðir sem standa framar við götu.

Meðfram Eyrargötu og Túngötu eru gangstéttir og víða liggja slóðar og stígar milli húsa frá aðalgötunni að sjóvarnargarðinum. Gönguleið er ofan á sjóvarnargarðinum og tröppur upp á hann á nokkrum stöðum. Við samkomuhúsið Stað er nýlegt tröppumannvirki upp á garðinn þar sem er útsýnispallur.

Á síðustu árum hefur verið hafist handa við uppbyggingu aðalgötunnar Eyrargötu / Búðarstígs, með hellulagða gangstétt úr smágerðum steini og með lágum kantsteinum. Gangstéttarhellur eru valdar m.t.t. eldri tíma, svokallaðir „götusteinar“, og yfirborð götu tengt lóðum húsa. Unnið er að áframhaldandi endurbótum á götunni.

Örnefni

Í tilefni af 100 ára afmæli Eyrarbyggjarrepps árið 1997, var endurútgefin örnefnaskrá Guðmundar Þórarinssonar, með viðbótum frá Sigurði Andersen. Söfnun örnefnanna fór fram á árunum 1953–1958 og var birt í héraðsblaðinu Suðurlandi og einnig í fjölrituðu hefti árið 1955. Í formála að örnefnaskránni hvarmar höfundur að svo seint hafi verið ráðist í söfnun örnefna því mörg séu nú þegar fallin í gleymsku, sérstaklega ýmis örnefni tengd fjörunni. Elsta örnefnið er Eyrar, en það náði til allrar strandarinnar milli ósa Ölfusár og Þjórsár. Örnefnið Eyrarbakki tók við um 1400 og en smátt og smátt breyttist notkun þess og um um árið 1900 einskorðaðist það eingöngu við sjálft þorpið (Guðmundur Þórarinsson 1997, bls. 4).

Götu- og húsanöfn eru þau örnefni sem hvað helst hafa varðveist meðal almennings innan verndarsvæðisins. Stór meirihluti húsa hafa heiti sem flestir kannast við og vitna í, þó einnig hafi þau húsúmer við götu. Elstu bæjarnöfnin Háeyri, Skúmsstaðir og Einarshöfn má enn sjá sem húsaheiti, þó svo að upphaflegu bæirnir séu löngu horfnir. Mörg örnefnin tengjast versluninni og lifa áfram, jafnvel eftir að verslunarhúsin eru horfnir, eins og Vesturbúðarhóll ber vitni um. Nokkur hús bera fleiri en eitt nafn og þá er annað nafnið oft tengt fyrrum íbúa, s.s. Pálsbær, Dísurbær og Frímannahús.

Búðarstígur, Bárðarbrú og Háeyrarvegur eru dæmi um gömul götuheiti og Álfstétt er talin vera einn af elstu vegum Árnassýslu, en hans er getið í heimildum frá 1852 (Guðmundur Þórarinsson 1997, bls. 14).

Opin svæði og gróður

Nokkur opin, græn svæði eru innan verndarsvæðisins en þó eru engin þeirra eiginlegir almenningsgarðar. Nokkur svæði þjóna því hlutverki að einhverju leyti og má þar fyrst nefna Kaupmannstúnið, sem eins og nafnið bendir til er gamalt tún norðan við Húsið, en austast á því er leiksvæði. Vesturbúðarhóllinn er ein stór grasflöt og austan við hann, þar sem áður var töluvert stórt rými fyrir vörur, tjöld og annað það sem fylgdi versluninni, eru nú bílastæði sem tilheyra samkomuhúsinu Stað.



Myndir 3 og 4: Leiksvæði er austast á Kaupmannstúninu og er það að hluta til afmarkað af nýjum hlöðnum garði og að hluta afmarkast það af gömlum hlöðnum garði.

Opið rými kringum Eyrarbyggjakirkju og Miklagarð er í dag aðallega malarplan sem nýtt er sem bílastæði en væri hæglega hægt að breyta í bæjartorg. Meðfram sjóvarnargarðinum að innanverðu er víðast hvar nokkuð breið grasspilda. Ekki er leyfilegt að byggja nær sjóvarnargarðinum en 20 m skv. samþykkt frá Siglingamálastofnun og hefur það einnig verið sett inn sem skilmálar í gildandi deiliskipulag.



Austast á svæðinu er kirkjugarðurinn. Hann er 6.613 m² að stærð og nær frá Háeyrarvöllum að sjóvarnargarðinum. Fyrir miðju hans er sáluhlið og framan við hann eru bílastæði samsíða götu. Hlaðinn garður afmarkar garðinn til austurs og suðurs, en hvítt timburgrindverk meðfram götu og steiptur veggur eftir vesturhlið garðsins. Garðurinn var tekinn í notkun árið 1894, fjórum árum eftir að kirkjan var reist. Hann var stækkaður árið 1930 til suðurs og á sjötta áratugnum var hann síðan stækkaður til vesturs og tvöfaldaðist þá stærð hans (Eyrarbakki.is). Áhaldahús er í norðvestur hluta garðsins, lítið, bárujárnsklætt hús með rispaki, sem fellur vel að sögulegu byggðinni. Nánast enginn trjágróður er í garðinum, helst runnagróður. Í elsta hluta garðsins eru steiptar umgjardir um nokkur leiði en í nýrri hlutanum eru leiði sléttuð í grasi. Hellulagðir stígar mynda helstu gönguleiðir garðsins. Um 900 manns eru grafin í garðinum. Auk Eyrbekkinga hafa þar verið grafnir erlendir sjómenn, meðal annars hluti áhafnar enska skipsins Loch Morar frá Aberdeen, sem fórst 31. mars 1937 í brimgarðinum á milli Eyrarbakka og Stokkseyrar. Í garðinum er einnig minnisvarði um áhöfn Nólsoy, færeysks fiskiskips, sem fórst sunnan við land árið 1934 með allri áhöfn, 20 manns. Eitt líkið rak á land við Eyrarbakka og var grafið í kirkjugarðinum og á leiði hans, Bernhard Henriksens, stendur minnisvarðinn, sem var gjöf Færeyinga og gerður af steinhöggvaranum O. Arge í Þórshöfn. (Morgunblaðið 3. júlí 1936, bls. 5)

Kartöflugarðarnir vestan við Einarshafnarhverfið eru vel grónir og afmarkaðir af hlöðnum gördum. Þar er nú í gildi deiliskipulag fyrir íbúðarlóðir, en ekki hefur verið byggt eftir því skipulagi enn. Lítið er um kartöflu- eða matjurtaræktun og hlöðnu garðarnir oft ógreinilegir vegna grass og njóla sem þar vex.

Meðfram Túngötu eru lóðir mun grónari en meðfram Eyrargötu, þar sem trjágróður er eingöngu sjáanlegur á einstaka lóðum. Vaxtarskilyrði svo nálægt hafi eru erfiðari en innar í landinu, en einnig getur smæð lóða og áhersla á ræktun matjurta gegnum tíðina skýrt það hversu lítið er um trjágróður. Meira er um runna og þá helst víðitegundir.

Atvinna og verslun

Á þessum fyrrum merka verslunarstað er nánast öll verslun nú horfin, einnig síðari tíma þjónustustarfsemi eins og bankar og pósthús. Ekki er lengur unninn fiskur og Frystihúsið hefur fengið annað hlutverk sem gistiheimili og íbúðahótel. Helstu verslanir í dag eru bensinstöðin sem einnig er dagvöruverslun og Laugabúð, sem opin er um helgar yfir sumartímann. Ferðaþjónusta er nú helsta atvinnugreinin en stór hluti íbúanna sækir vinnu út fyrir þorpið. Barnaskólinn og fangelsið á Litla-Hrauni eru stórir vinnustaðir, rétt austan við verndarsvæðið. Veitingarekstur er í Miklagarði og gistiheimili í Frystihúsinu og mörgum fleiri húsum. Sólvellir, dvalarheimili aldraðra, stendur við Eyrargötu 26 og er mannmargur vinnustaður. Atvinnuhúsnæði er skilgreint vestan við verndarsvæðið og þar er starfsemi af ýmsu tagi.

Byggðasafn Árnesinga, sem er í eigu Héraðsnefndar Árnesinga, er með starfsemi sína á Eyrarbakka og er safnið rekið í nokkrum húsum. Grunnýsning safnsins er í Húsinu og nálægum húsum þar í kring en þau eru Assistentahúsið, Eggjaskúrinn, nokkur útihús og Kirkjubær. Í byggðasafninu má fræðast um sögu Hússins og verslunarinnar á Eyrarbakka en einnig sögu héraðsins. Skrifstofa og geymsla safnsins er til húsa að Búðarstíg 22 (www.byggdasafn.is).



Sjóminjasafn á Eyrarbakka er í eigu Sveitarfélagsins Árborgar og er staðsett aðeins austar en Húsið. Þar er sögu áraskipa og sjómennsku við Suðurströndina fyrir á tímum gerð góð skil. Helsti og merkasti gripur safnsins er áraskipið Farsæll. Beitningaskúr frá 1921 tilheyrir einnig Sjóminjasafninu.



Mynd 5: Beitningaskúr, nú hluti af Sjóminjasafninu

Aukin áhersla á ferðamennsku mun án efa setja svip sinn á Eyrarbakka á komandi árum, hvort sem er með tilkomu fleiri gistiheimila eða veitingastaða. Hvort þeirri þróun mun fylgja ásókn í að breyta núverandi húsnæði eða byggingu nýs er erfitt að spá fyrir um, en ljóst er að innan verndarsvæðisins þarf að vera skýrt með hvaða hætti það verður gert. Nýrri starfsemi fylgja oft auglýsingaskilti, aukin þörf á bílastæðum ofl. og því mikilvægt að leikreglur séu skýrar.

2.3 Friðlýst hús, friðuð hús og umsagnarskyld hús

Innan verndarsvæðis eru samtals um 78 hús sem eru 100 ára eða eldri og þar með friðuð skv. lögum um menningarminjar nr. 80/2012. Þrjú af þessum húsum eru enn fremur friðlýst, en það eru Húsið, Assistentahúsið og Eyrarbakkakirkja (<http://www.minjastofnun.is/hus-og-mannvirki/fridlyst-hus-og-mannvirki/sudurland/nr/716>). Auk þessara 78 húsa eru 5 hús umsagnarskyld þar sem þau eru byggð 1925 eða fyrir en hafa ekki náð 100 ára aldri. Samtals eru þetta 83 hús, sem er meira en helmingur allra húsa sem fjallað er um innan verndarsvæðisins, en þau eru um 156 samtals. Ýmis útihús og kofar eru innan verndarsvæðisins sem ekki er fjallað sérstaklega um.





Kort 6: Yfirlit yfir hús sem falla undir lög um menningarminjar



Húsið er elsta íbúðarhús úr timbri á Suðurlandi og í hópi elstu húsa á landinu. Það var flutt tilsníðið frá Danmörku til Eyrarbakka árið 1765, sama ár og kaupmönnum var heimilt að dveljast hér á landi veturlangt, og er stökkbyggt timburhús, klætt lóðréttri klæðningu. Fyrsti kaupmaðurinn í Húsinu var Jens Lassen. Húsið var nýtt sem íbúðarhús frá 1765–1926, en þá var húsið farið að láta töluvert á sjá. Meðal þekktustu íbúa þess voru Guðmundur Thorgrímsen faktor og kona hans Sýlvía Thorgrímsen og afkomendur þeirra, en þau bjuggu í húsinu í tíð Lefolli-fjölskyldunnar (<https://www.byggdasafn.is/saga-hussins/ibuar-og-eigendur-hussins-a-eyrarbakka/>).

Frá 1932 til 1992 var húsið í einkaeigu og var fyrst nýtt sem sumarhús og síðar íbúðarhús. Eigendur Hússins á þessum árum höfðu metnað og skilning á varðveislugildi hússins og stóðu fyrir viðamiklum endurbótum á því, sem miðuðu að því að færa það sem næst upprunalegu horfi. Árið 1992 keypti ríkissjóður húsið og í framhaldinu tók Þjóðminjasafn Íslands við húsinu og hélt áfram viðgerðum á því. Frá 1995 hefur húsið verið í umsjá Byggðasafns Árnesinga og þar er grunnsýning safnsins til húsa.

Assistentahúsið er frá 1881 og er sambyggt Húsinu. Það er bindingsverkshús með láréttri klæðningu, hvílir á grunnri úr tilhöggnu grjóti. Á verslunarárunum hýsti það verslunarþjóna sem störfuðu við dönsku verslunina, eins og nafnið gefur til kynna. Húsið, Assistentahúsið og hlaðinn sjóvarnargarður frá 1800, voru friðuð í B-flokki árið 1974 skv. Þjóðminjalögum nr. 52/1969. Samkvæmt núgildandi minjalögum eru þessar byggingar nú í flokki friðlýstra húsa.



Myndir 6 og 7: Assistentahúsið og Húsið



Eyrarbakkakirkja var byggð árið 1890. Kirkjan er tvílofta, með setpöllum á lofti og gluggum inn á setloftið. Kirkjan er timburkirkja og var í upphafi með timburklæðningu, en fljótlega var hún klædd bárujárni, þar sem hún lá undir skemmdum vegna leka. Árin 1977–1979 voru gerðar nokkrar breytingar á kirkjunni; kirkjuturninn breikkaður og kirkjan klædd dökkbrúnum, láréttum viðarpanel og var þannig allt fram til ársins 2017, en þá hófust endurbætur á kirkjunni og hefur hún aftur verið klædd bárujárni. Skróðhús var byggt við norðurenda kirkjunnar um 1960 og forkirkjan verið stækkuð á árunum 1977-1979. Forláta altarisstafla er í kirkjunni, sem Louise Danadrottning málaði og gaf kirkjunni, en hún var eiginkona Kristjáns IX. Danakonungs. Með síðustu endurbótum á kirkjunni, má segja að búið sé að færa öll friðlýstu húsin til síns upprunalega horfs hið ytra, eða því sem næst.



Mynd 8: Eyrarbakkakirkja og Búðarstígur greinilegur, sem lá milli Vesturbúðar og Hússins. Ártal ekki þekkt, en sennilega um 1890-1895. Úr safni Oline Leofolli, heimild frá Byggðasafni Árnesinga, Sjóminjasafni.



Mynd 9: Eyrarbakkakirkja um 1950, með bárujárnsklæðningu og steipt grindverk í kring. Heimild Héraðsskjalasafn Árnesinga.



Mynd 10: Eyrarbakkakirkja í dag, nýmáluð.



2.4 Minjar

Yfir 600 skráðar minjar eru innan verndarsvæðisins. Þessi mikli fjöldi skráðra minja ber vitni um langa og samfellda búsetusögu, allt frá landnámi til dagsins í dag. Minjarnar eiga rætur að rekja til búskapar, sjósóknar, verslunar og búsetu og eru því margvíslegar að gerð og uppruna. Í fornleifaskránni er gerð grein fyrir horfnum húsum en þau stóðu oft á sama stað og núverandi hús standa. Einnig er um að ræða horfin útihús, hlaðna garða, brunna, bæjarhóla, traðir, hlið, siglingamerki o.fl. Stærsti hluti þessara minja er horfinn, þ.e. sést ekki lengur á yfirborði. Þó er vitað um nákvæma staðsetningu margra þeirra og koma hnit fram í fornleifaskrá. Aðrar minjar sem einnig eru horfnar er ekki vitað með nákvæmri vissu hvar voru og þarf því að taka uppgefna staðsetningu þeirra með fyrirvara.

Þær sýnilegu minjar sem mældar hafa verið upp eru aðallega hlaðnir garðar, bæði sjóvarnargarðar og hlaðnir garðar við hús og kálgarða, en einnig er um að ræða brunna, bæjarhóla og tóftir. Vegna langrar búsetusögu má fullyrða að skráningu fornleifa verði aldrei að fullu lokið og að búast megi við því að í hvert sinn sem grafið er í jörðu, muni gamlar mannvistarleifar koma í ljós. Minjavörður Suðurlands, sem starfar fyrir Minjastofnun, er umsagnaraðili vegna minja og skal hafa samráð við hann við allar framkvæmdir innan verndarsvæðisins.

Friðlýstar minjar

Friðlýstar minjar innan verndarsvæðisins eru Gónhóll, sem friðlýstur var árið 1927 og hlaðni garðurinn framan við Húsið. Í skrá um friðlýstar fornleifar er Gónhóll lýst þannig: Skúmsstaðir. Forn samfelld bæjartóft með grastorfu að ofan, þar sem nú kallast Gónhóll. Liggur sjógarðurinn um hólinn framanverðan, framundan Garðbæjarhúsinu (Skrá um friðlýstar fornleifar. bls. 56).

Gömul munnmæli segja að þar sé heygður Skúmur, sá sem fyrstur byggði Skúmsstaði og eins hafa verið lagðar að því líkur að við Gónhól hafi verið kirkjugarður og styðja örnefnin í kringum kirkjuna, sem öll eru dregin af orðinu Garður, þá kenningu. Sjóvarnargarðurinn liggur um hólinn að framanverðu og einnig hefur verið grafið í hólinn. Sögur herma einnig að á hólum hvíli álög.



Myndir 11 og 12: Gónhóll, óslétti hlutinn næst sjóvarnargarði. Drónamynd og ljósmynd 2020.



Hlaðni garðurinn framan við Húsið var friðaður um leið og Húsið og Assistentahúsið árið 1974. Í eldri lögum var talað um friðun en það jafngildir friðlýsingu samkvæmt núgildandi lögum um menningarminjar nr. 80/2012.



Kort 7: Friðlýstar fornleifar við Gónhóll og garðurinn framan við Húsið teiknað með grænu.

Vesturbúðarhóll

Ágústa Edwald Maxwell hefur rannsakað Vesturbúðarhólinn með styrk frá Fornminjasjóði. Í dag er Vesturbúðarhóll grasi vaxinn en þar stóðu áður verslunarhúsin á Skúmsstöðum allt til ársins 1950, þegar þau voru rifin og hluti af efnivið úr húsunum var notaður í byggingu salthúsa í Þorlákshöfn. Salthúsin brunnu til kaldra kola árið 1987. (Margrét Hallmundsdóttir bls. 11)



Myndir 13 og 14: Prufuskurður í Vesturbæjarhólum, tekin í október 2017, Vesturbúðarhóll drónamynd 2020



Til eru ítarlegar teikningar af Krambúðinni, sem reist var 1895 og því yngsta hús Vesturbúðarinnar, árituð af F. Bald, og varein þeirra birt í Húsakönnun Lilju Árnadóttur frá 1989. Önnur hús Vesturbúðarinnar voru sölubúð, skrifstofa, vigtarhús, korn- og mjölgeymsla og kolageymsla. Verslunarhúsin voru þyrping nokkurra húsa, sem mynduðu ferhyrnt port. Þetta voru timburhús og eru til heimildir um þau frá því snemma á 18. öld, en þau voru endurbyggð fram á 20. öldina, m.a. vegna flóða en verslunarhúsin urðu fyrir töluverðum skemmdum í flóðinu 9. janúar 1799, Stórafloði og jafnaðist eystra verslunarhúsið við jörðu (Margrét Hallmundsdóttir bls. 11). Vesturbúðarbryggja, sem lá beint frá verslunarhúsunum, var brotin niður og er nú horfin, þó enn móti fyrir henni á klöppunum framan við sjóvarnargarðinn. Á korti frá 1930, þar sem uppmæling var gerð á öllum uppistandandi húsum Eyrarbakka, má sjá afstöðu húsanna á Vesturbúðarhólnum og legu þeirra.



Yfirstandandi rannsóknir eru í formi jarðsjármælinga og uppgrftar með prufuskurði og er markmið þeirra að meta eðli og umfang minjanna á Vesturbúðarhól. Fjöldi bygginga sem tilheyrðu einokunarversluninni var breytilegur milli kaupstaða og í úttekt, eða skoðunargerð frá 1774, eru byggingar sem tilheyrðu versluninni á Eyrarbakka 10 talsins og 8 þeirra á Eyrarbakka en tvö fiskverkunarhús; í Þorlákshöfn annars vegar og Selvogi hins vegar. Þetta mun vera mestur fjöldi bygginga á vegum dönsku verslunarinnar hér á landi (Jón J. Aðils, bls. 303). Í niðurstöðum uppgraftarins má finna vísbendingar um að minjarnar séu fleiri og meiri að umfangi en sem svarar til þeirra verslunarhúsa sem síðast stóðu á Vesturbúðarhól (Ágústa Edwald Maxwell, bls. 11).



Kort 8 og 9: Kort frá 1930. Heimild Skipulagsstofnun. Loftmynd frá 2016. Vesturbúð og Húsið, tengd saman af Búðarstíg



Sjóvarnargarðar

Í kjölfar Stóraflóðs 1799 var hafist handa við að byggja sjóvarnargarða, framan við Húsið og sunnan við Vesturbúð. Þessir garðar eru því elstu varðveittu sjóvarnargarðarnir á Eyrarbakka. Þeir voru reistir í tíð Lambertsen kaupmanns og var garðurinn við Vesturbúð fyrst reistur úr timbri en síðar endurbyggður með grjóti (Margrét Hallmundsdóttir, bls. 426). Síðar var sjóvarnargarðurinn lengdur til austurs og í tíð Peters Nielsens var hann lengdur allt austur að landamerkjum Skúmsstaða og Háeyrar, eða austur að Gónhól. Garðurinn er samtals um 80 m langur og er mismunandi hár, á bilinu 1,0–1,7 m hár.

Við verslunarhús Háeyrar var með sama hætti reistur varnargarður, en nokkuð fjær sjó en í Skúmsstaðalandi (Sigurður Guðjónsson bls. 254). Einar Jónsson hóf verslunarrekstur árið 1868 og reisti fljótlega sjóvarnargarð þannig að hann varð nú samfelldur allt frá Einarshöfn og austur fyrir þorpið. Leifar af þeim garði má sjá við Merkgil, við Beitningaskúrinn, við Stíghús II, Breiðaból og Læknishús sem nær að Frystihúsinu. Austan við Olís finnast aftur slitrur af gamla sjóvarnargarðinum og er lengsti búturinn þar um 130 m langur sunnan við Smiðshús, Gunnarshólma og Sæhvol. Suðurhlíð kirkjugarðsins er einnig hluti af gamla sjóvarnargarðinum.

Hleðslur við kálgarðar, tún ofl.

Um 1820 eru skráðir 100 kálgarðar í hreppnum (Vigfús Guðmundsson, bls. 124). Kálgarðar voru heima við flest íbúðarhús, en grjóthleðslur mörkuðu lóðir, enda efnið aðgengilegt. Þessara leifa garðlaga má enn sjá víða stað, en samfelldust eru þau í Einarshafnarhverfinu, við Húsið og við Steinskot. Óvenjulegastur er kannski kanínugarðurinn norðan við Húsið, en þar voru ræktaðar kanínur til manneldis á tímum Guðmundar Thorgrímsens í kringum 1847-1886, en síðar var þar ræktað hefðbundið grænmeti. Garðurinn hefur lag hálfmána og er hlaðinn úr hraungrýti.



Mynd 15: Hlaðnir garðar við Húsið, Kanínugarðurinn, friðlýstur garður framan við Húsið og veggir hlöðu. Hlaðinn garður við leiksvæði aftast til vinstri á mynd er nýr. Drónamynd 2020



Eyrbakkakirkjugarður

Garðurinn er upphaflega frá 1894, þá 60 álnir á hverja hlið (u.þ.b. 38X38 m). Upphaflega var tvíhlaðinn grjótgarður á allar hliðar. Garðurinn hefur tvisvar verið stækkaður, fyrst á 4. áratug síðustu aldar og síðan á 6. áratugnum. Þar hvíla nú um 972 manns (<https://gardur.is/gardur.php?glD=141>). Eitt af elstu minningarmörkunum er grágrýtisvarði með rómverskum boga með oddhöggnum hálfmánalöguðum fleti efst og upphleyptum krossi og pálmagreinum (Margrét Hallmundsdóttir bls. 489).



Mynd 16: Minningarmark úr kirkjugarðinum

Brunnar

Þrír upphlaðnir brunnar hafa varðveist og eru sýnilegir. Þeir eru við Nýjabæ, Húsið og Laufás. Heimildir eru til um mun fleiri brunna, en þeir voru í notkun allt þar til vatnsveita var lögð í þorpið á 7. áratug síðustu aldar.

Bæjarhólar og tóftir

Austan við hlaðna garðinn framan við Húsið eru hlaðnir veggir hlöðu, Garðshlöðu. Veggirnir eru nokkuð heillegir en þakið fauk af í ofsaroki í febrúar árið 1991. Það sem eftir stendur af hlöðunni eru langveggirnir. Fyllt var upp í tóftina, enda hlaðan niðurgrafin. Tóftir nokkurra annarra útihúsa og torfbæja eru einnig sýnilegar, s.s. vestast í Einarshafnarhverfinu, austan við beitningaskúrinn, við Læknishús og Reginn. Áberandi er fjöldi minja, bæði horfinna og uppmældra, við gömlu bæjartorfunar Skúmsstaði og Háeyri. Einnig er töluvert um minjar við Húsið og á túninu þar norðan við. Það skýrist auðvitað af langri búsetusögu og heimildum, en margt hefur verið ritað og skrásett á þessum jörðum. Eins og áður var minnst á stendur nú yfir rannsókn á Vesturbúðarhólnum en að öðru leyti hafa minjar á Eyrbakka ekki verið rannsakaðar að nokkru ráði, fyrir utan skráningu og uppmælingu. Vilhjálmur Örn Vilhjálmsson gróf framan við Húsið árið 1995 og Margrét Hallmundsdóttir undir grunni Eggjaskúrsins árið 2005, en ekki er vitað um útgefnar skýrslur í tengslum við það (Margrét Hallmundsdóttir, munnleg heimild).



Mynd 17: Hlaðnir veggir Garðshlöðu






Kort 10: Yfirlitskort yfir helstu sýnilegar minjar innan verndarsvæðis, rauðar útlínur. Skráðar fornleifar svartir punktar.



2.5 Greining á svipmóti byggðar

Svipmót byggðar ræðst af nokkrum ólíkum þáttum og samspili þeirra eins og sambandi byggðar og náttúrulegs umhverfis og þróun byggðarinnar í gegnum tíðina. Auk upplýsinga um byggingarár eru gamlir uppdrættir og loftmyndir góðar heimildir um þessa þróun. Tímabilin sem skoðuð eru, eru fjögur talsins; fram til 1899, frá 1900-1930, frá 1931-1970 og tímabilið eftir 1970 og til dagsins í dag. Fyrir hvert tímabil er sett fram tímatafla, þar sem helstu atburðir eru tíundaðir í vinstri dálki, svo sem sjávarflóð og tímamót í sögu verslunarinnar og í hægri dálki eru ártöl helstu húsa og mannvirkja færð inn, sem þykja markverð með tilliti til þróun byggðar. Elsti uppdrátturinn sem stuðst er við er uppteikning Dana frá 1903. Næsta kort er uppdráttur Jóns Víðis frá 1930, síðan kort frá 1973 og að lokum ný loftmynd og stafrænn kortagrunnur. Með samanburði á þessum kortum má lesa út úr þeim þróun byggðar, gatnaskipan, breytingu á strandlínu o.fl. Í greiningunni er einnig fjallað um ólíkan byggingarstíl, byggingarefni og sjónræn gæði byggðar eins og þau eru í dag.





ATBURÐIR	BYGGINGAR OG MANNVIRKI
1602 Einokunarverslun hefst	
1653 Háeyrarflóð	
1765 Kaupmenn fá leyfi til að dvelja veturlangt á Íslandi	1765 Húsið reist á Eyrarbakka (kom tilsníðið frá Danmörku)
1787 Lok einokunarverslunar	1800 Sjóvarnargarður byggður framan við Húsið
1799 Stóraflóð (Básendaflóð)	
1850 Þorleifur Kolbeinsson á Háeyri hefur verslunarrekstur og stundar fram til 1910	
1852 Barnaskólinn á Eyrarbakka stofnaður	
1868 Lefolii ættin eignast dönsku einokunarverslunina	
1883 Verslun hefst á Stóru Háeyri, Guðmundur Ísleifsson	1881 Assistentahúsið reist
1891 Selfossbrú byggð og vígð	1884 Bakaríð, flutt inn tilsníðið
1897 Eyrarbyggahreppur stofnaður	1890 Eyrarbyggakirkja vígð
1903 Uppmæling á húsum, vegum, túnum ofl. innan Eyrarbyggahrepps á vegum Dana	1894 Eyrarbyggakirkjugarður vígður



Á kortinu frá 1903 sést greinilega að Eyrarbakki hefur orðið öll einkenni þéttbýlis. Það sem enn einkennir byggðamynstrið í dag er þá þegar til staðar þ.e. þéttar húsabyrpingar í Einarshafnar-, Skúmsstaða-, Garðhúsa- og Háeyrarhverfinu en opnari svæði á milli, s.s. kringum Stóru-Háeyri og við kirkjugarðinn.

Húsaraðir eru beggja megin Eyrargötu og standa þétt við götukant. Svo virðist sem hús hafi staðið neðan við Mundakotsbæina. Lóðir eru mismunandi að stærð og margar hverjar frekar litlar.



Kort 12: Kort frá 1903. Hér sjást megin göturnar sem lágu að Eyrarbakka á þessum tíma, Bárðarbrú, Háeyrarvegur, Álfstétt og Hraunteigur, einnig ónafngreindur vegur frá vestri. Eyrargata var eina gatan sem lá eftir endilöngu þorpínu, en nokkurs konar hringvegur lá frá Stóru Háeyri, norður fyrir Tún, austur að Simbakoti, Naustakoti og Sölkutóft og tengdist aftur Eyrargötu vestan við Mundakot. Heimild Skipulagsstofnun.



Flest hús fyrir 1900 voru torfhús en timburhúsum fjölgar jafnt og þétt. Elstu varðveittu húsin fyrir utan Húsið og Assistentahúsið eru Einarshöfn III frá 1870 (það var byggt í tveimur áföngum og sá síðari kringum 1889) og Bakaríið frá 1884.



Mynd 18: Prúðbúið fólk framan við Húsið og Assistentahúsið árið 1884. Heimild Héraðsskjalasafn Árnesinga.

Á þessum árum risu húsin Þrjú Sjónarhóll 1886, Garðhús I og Ingólfur í lítilli þyrpingu, sem í dag er mjög áberandi í götummyndinni.



Mynd 19: Garðhús, Sjónarhóll og Ingólfur með veggj Garðshlöðu í forgrunni.



Ræktuð tún umlykja þorpið að norðanverðu og þar eru kotbýlin einnig áberandi. Helstu götur til norðurs eru Bárðarbrú, Háeyrarvegur og Álfstétt. Hlaðnir garðar eru meðfram byggðinni samhliða strandlínunni, en þegar kortið er teiknað eru rúm 100 ár liðin frá Stóraflóði.




Mynd 20: Myndin er tekin frá Vesturbúð í átt að nýlega byggðri Eyrarbakkakirkju. Búðarstígur er greinilegur í opnu rými sem nýttist sem tjaldsvæði þegar bændur komu til að versla. Sundtré og hlaðnir garðar sjást til hægri á myndinni og einnig sjást hlaðnir garðar framan við Skúmsstaðabæina til vinstri á myndinni. Heimild Héraðsskjalasafn Árneseinga.

Eyrargata hefur fengið þá legu sem hún hefur í dag og er aðalgata þorpsins. Stórt opið svæði er beggja megin Búðarstígs sem liggur milli Vesturbúðar og Kaupmannstúnsins og við kirkjuna. Frá Vesturbúð liggur Vesturbúðarbryggja og er það eina bryggjan á þessum tíma. Hlaðnir garðar afmarka byggð og strönd.



Mynd 21: Járnbrautarsporið sem lá frá Húsinu að Vesturbúð. Heimild Héraðsskjalasafn Árneseinga.





ATBURÐIR	BYGGINGAR OG MANNVIRKI
1904 Verslunarfélagið Hekla stofnað, verður Kaupfélagið Hekla 1907	1907 Reginn, hús í sveitserstíl byggt
1910 Hlutafélagið Einarshöfn stofnað	1909 Lokið við sjóvarnargarð með öllu landi Eyrarbakkahepps
1917 Guðlaugur Pálsson hefur verslunarrekstur	1910 Skjaldbreið, fyrsta steinsteypa húsið byggt
1917 Ný höfn byggð í Reykjavík	
1919 Kaupfélagið Hekla kaupir Einarshöfn og flytur verslun sína í Vesturbúð	1919 Mikligarður reistur
1920 Íbúum fer að fækka og afturkippur verður í atvinnulífi Eyrbekkinga	
	1926 Heklubryggja byggð
1927 Gónhóll friðlýstur	
1930 Uppmæling Jóns Víðis af Eyrarbakka	
1930 Kaupfélag Árnesinga stofnað á Selfossi	

Þetta er tímabilið þar sem flest hin svokölluðu aldamótahús rísa, timburhús sem jafnt og þétt leystu torfhúsin af og eru gjarnan byggð á svipuðum eða sama stað og torfhúsin stóðu. Þetta á t.d. við í Skúmsstaðahverfinu, þar sem Inghóll, Kaldbakur og Hreggviður standa. Meðfram Búðarstíg að sunnanverðu risu húsin Staður 1920, Stíghús III, 1911 og Götuhús. Einungis Stíghús III stendur þar enn og það í töluvert breyttri mynd. Meðfram Eyrargötu risu Reginn 1907, fyrsta húsið í sveitserstíl á Eyrarbakka, Stíghús II, Helgafell, Deild, Túnberg og Stígpríði. Timburhús risu einnig við Eyri, Tjörn, Þorvaldseyri og Suðurgötu, en þessi hús mynda sterka heild. Austast í þorpínu voru byggð smágerð hús; Austurvöllur, Hóp, Bjarghús og Ós.

Fyrsta steinsteypuhúsið, Skjaldbreið, var byggt 1910 og telst vera elsta steypa húsið á Eyrarbakka. Það er í svokölluðum steinsteypusveitserstíl. Á árunum 1910-1930 bættust fleiri steinsteypu hús í hópinn og má þar nefna Einarshöfn IV árið 1913, Sunnuhvol 1913, Hvol, sem einnig var í sveitserstíl 1914, Læknishús, sem telst vera steinsteypuklassík 1916, Miklagarð einnig í steinsteypuklassík 1919 og Óðinshús og rafstöðina 1913 og 1920.





Kort 14: Kort frá 1930, þar sem búið er að afmarka verndarsvæðið og tekur það til nær alls hluta þorpsins eins og það leit út þá, auk Steinskots. Á uppteikningunni er gerður greinarmunur á timbur- og torfhúsum og hlaðnir garðar og stígar eru teiknaðir upp, auk útihúsa, en það sést ekki vel í þessum mælikvarða. Heimild Skipulagsstofnun.

Byggðamynstrið er áþekkt því sem var árið 1903, tún og kot við norðurjaðarinn en byggð hefur eitthvað þétt og húsum fjölgað meðfram Eyrargötu. Svæðið vestan við kirkjugarðinn er ennþá óbyggt. Búið er að byggja á litlum túnnum austan við Akur, en það eru Sýslumannshúsið (nú Hvoll) og Gunnarshólmi. Opna svæðið við Búðarstíg hefur minnkað og Búðarstígur liggur nú milli Hússins og Vesturbúðar og afmarkast af nýjum húsum, Stað og Stíghúsi að sunnanverðu og að norðanverðu mynda fimm hús mjög skýran jaðar meðfram götunni. Aðrar götur hafa lítið breyst og jaðar þorpsins til norðurs sömuleiðis.



Mynd 22: Staður og þar bak við Stíghús III og Eyrarbakkakirkja í bakgrunni, sem afmarka Búðarstíg að sunnanverðu. Í bakgrunni má sjá Miklagarð sem á þessum tíma er á einni hæð og Eyrarbakkakirkju. Síðar átti eftir að flytja Stað á Selfoss, og stendur húsið nú við Sigtún 3 á Selfossi. Heimild Héraðsskjalasafn Árneseinga.

Á tímum torfbæjanna voru hús gjarnan sambyggð, fyrstu timburhúsin jafnvel byggð sem viðbyggingar og almennt stóðu hús í þéttum bæjarþyrpingum. Margar þessara húsapýrpinga hafa varðveist og það getur verið erfitt sjá fyrir sér eitt hús án hinna, þar sem þau hafa myndað litlar samhangandi heildir, oftast 2 og 3 saman. Húsin eru ekki endilega lík í útliti eða í byggingarstíl, en hafa deilt sömu ásýnd um langt skeið. Dæmi um slíkar einingar eru Einarshöfn II, III og IV, Steinsbæirnir, Sandvíkurbæirnir, Garðhúsin og þyrpingin kringum Tjörn, Eyri, Frambæjarhús og Akbraut.






Myndir 23 og 24: Húsabyrpingar: Einarshafnarbæirnir og Steinsbæirnir




Kort 15: Hér má sjá þau hús sem standa enn þann dag í dag og eru byggð 1930 eða fyrr. Á kortinu frá 1930 sést hversu húsabyrpingar í Skúmsstaðahverfinu hafa verið þéttar og hversu vel þetta sérstæða byggðarmynstur hefur haldið sér.



Kort 16. Á austurhluta svæðisins hefur byggð frá upphafi verið strjálí og þar stóðu hús þétt meðfram Eyrargötu. Hér sést vel hvernig Mundakotsbæirnir mynduðu sjálfstæða þyrpingu og hér sjást einnig kotbýlin norðan við þorpið.



Byggðin 1931-1970



Kort 17: Hús byggð 1931-1970



ATBURÐIR	BYGGINGAR OG MANNVIRKI
1932 Kaupfélag Árnesinga eignast verslun Lefolli	1932 Litla-Háeyri, steinsteypuklassík
1936 Fyrsta aðalskipulag Eyrarbakka staðfest, byggði á uppmælingu Jóns Víðis	1933-35 Sandvarnargarður byggður
	1944 Hraðfrystistöðin reist
	1945 Sólvellir, byggt sem læknisbústaður
1959 Sveitarfélagið kaupir þær jarðeignir sem þorpið stendur á	1950 Vesturbúð rifin og efniviður fluttur til Þorlákshafnar
	1964-67 Eyrarbyggahöfn byggð

Frá 1931 til 1973 verða ýmsar breytingar á þorpinu og má þar helst nefna niðurrif Vesturbúðar, byggingu Frystihúss og slípps og lagning Túngötu ásamt nýbyggingum meðfram henni. Byggt var ofan á og við Miklagarð og einnig bættist viðbygging við kirkjuna. Á uppdrætti frá 1973 eru veggheðslur einungis að hluta til teiknaðar upp og því erfitt að meta hvernig staðan var á þeim. Kirkjugarður var stækkaður og nýjar íbúðarhúsalóðir skipulagðar beggja megin við hann.

Á 4. og 5. áratug síðustu aldar hóf módernisminn innreið sína í þorpið og nokkur hús í stíl sem kenndur er við funkisstíl standa nú við Eyrargötu og í Skúmsstaðarhverfinu. Það eru Brenna II 1937, Skúmsstaðir II 1937, Mörk 1936, Bræðraborg 1937, Ásheimar 1940, Breiðaból 1932, Sólvellir 1945 og Kirkjuhvoll 1940. Í stað torfbæjanna við Litlu-Háeyri var byggt reisulegt hús 1932 og Háeyri 1943. Norðurjaðar verndarsvæðisins breyttist töluvert, með nýrri íbúðagötu, Túngötu.






Kort 18: Uppteikning frá 1973



Byggðin 1971 til dagsins í dag



Byggingartímabil:
■ Hús byggð eftir 1970

Kort 19: Hús byggð eftir 1970

Skjal sótt af '2209745109' dags: 30.10 2020



ATBURÐIR	BYGGINGAR OG MANNVIRKI
<p>1974 Húsið, Assistentahúsið og hlaðinn sjóvarnargarður friður í B-flokki skv. Þjóðminjalögum nr. 52/1969</p> <p>1987 Bruni í Þorlákshöfn, saltfiskverkunarhús Meitilsins brenna og þar með efniviður úr Vesturbúð</p> <p>1988 Óseyrarbrú vígð</p> <p>1988 Dvalarheimilið á Sólvöllum tekur til starfa</p> <p>1989 Aðalskipulag Eyrarbakka staðfest. Ráðgjafi Unnsteinn Gíslason</p> <p>1989 Húsakönnun Lilju Árnadóttur gefin út af Þjóðminjasafni Íslands</p> <p>1990 Flóð, það mesta síðan Básendaflóðið 1799</p>	<p>1972 Sjóminjasafnið reist</p> <p>1973 Félagsheimilið Fjölur rifði, en það var reisulegt timburhús sem stóð þar sem nú eru bílskúrar gegnt Ingólfi</p> <p>1974 Framkvæmdir hefjast við varanlega gatnagerð með bundnu slitlagi, m.a. Túngötu</p> <p>1991-97 Sjóvarnargarður, hlaðinn upp sjávarmegin við eldri sjóvarnargarð</p> <p>1993 Staður vígður, félagsheimili og íþróttahús</p> <p>1996-97 Tvö hús byggð eftir deiliskipulagi Jon Nordsteien við Þykkvaflöt 4 og 6 í gömlum stíl</p>
<p>1997 Aðalskipulag Eyrarbakka, Jon Nordsteien og Ólög Flygering</p> <p>1998 Sameining sveitarfélaga, Árborg</p>	

Stærstu breytingar eftir 1970 er tilkoma sjóvarnargarðsins, en hann breytti töluvert samspili byggðar og strandar. Enginn vafi er á því að hinn nýi sjóvarnargarður er nauðsynlegur til þess að verja byggðina ágangi sjávar, en sjónræn tengsl og aðgengi að fjörunni er gjörbreytt frá því sem var, jafnvel þó svo að hlaðnir garðar hafi varið byggðina í yfir 200 ár.

Tiltölulega fá hús hafa risið innan verndarsvæðisins frá 1970 og til dagsins í dag. Helst ber að nefna Stað, nýtt íþrótt- og félagsheimili, sem vegna legu sinna við Búðarstíg hefur töluverð áhrif á yfirbragð byggðar. Önnur hús meðfram Eyrargötu eru bílskúrar við hlið Káragerðis, olíuafgreiðslustöð og viðbyggingar við Breiðablik, Frystihúsið og Sólvelli. Ný hús í gömlum stíl voru byggð við Litlu-Háeyri, Eyrargötu 39 og Þykkvaflöt 4 og 6. Nýjar viðbyggingar við Tún og Bráðræði og Ós eru einnig frá þessum tíma. Sjóminjasafnið var byggt 1972. Á jaðri verndarsvæðisins til vesturs eru 3 hús frá þessu tímabili.



Á 6., 7. og 8. áratugum síðustu aldar var nokkuð byggt af nýrri húsum og reynt að rétta af götur og lóðir, sem fram að því höfðu verið hlykkjótta. Lóðir vestast í Einarshafnarhverfinu eru dæmi um þetta. Í deiliskipulagsáætlun fyrir Einarshafnarhverfið frá 2004 var leitast við að snúa þróuninni við á ný og skapa

skilyrði fyrir nýbyggingar sem falla betur að byggðarmynstri og byggingarstíl gömlu húsanna. Í deiliskipulagi Einarshafnarhverfisins var jafnframt gert mögulegt að flytja að eldri hús annars staðar frá, en sú heimild hefur ekki verið nýtt hingað til né hafa ný hús verið byggð í hverfinu.



Kort 20: Heildaryfirlit yfir byggingartímabil húsa



Kennileiti innan verndarsvæðisins eru þau hús eða mannvirki sem fólk tekur mið af innan svæðisins. Þar ber fyrst að nefna kirkjuna, en staðsetning hennar og hæð á turni gerir hana að helsta kennileiti svæðisins, ásamt Húsinu/Assistentahúsinu og Miklagarði. Húsið og byggingar þar í kring sjást vel, bæði frá Eyrargötu og Túngötu. Mikligarður er tvílyft steinsteypt hús og er málað í áberandi rauðum lit.

Fyrir miðri Eyrargötu stendur Frystihúsið, sem vegna umfangs frekar en hæðar, er ákveðin þungamiðja þorpsins. Stórt malarplan austan við það gefur því aukið rými og eykur á sýnileika þess.

Sjóvarnargarðurinn er einnig sterkt kennileiti, myndar ákveðin mörk byggðarinnar og undirstrikar, ásamt siglingamerkjunum meðfram garðinum, austur-vestur stefnu byggðarinnar.



Mynd 25: Nýi sjóvarnargarðurinn sem skilur að byggð og strönd





Kort 21: Áberandi kennileiti innan verndarsvæðisins eru Mikligarður, kirkjan, Húsið/Assistentahúsið og Frystihúsið. Sjóvarnargarðurinn er einnig sterkt kennileiti um leið og hann myndar skýr mörk milli byggðar og strandar.



Húsagerðir og byggingarstíll

Húsin á Eyrarbakka eru af mörgum og mismunandi húsagerðum og á það bæði við gömlu timburhúsin (aldamótahúsin) og nýrri hús. Í leiðbeiningarriti Minjastofnunar fyrir húsaskráningu er byggingarstíll húsa flokkaður í eftirfarandi flokka.

Torfhús

Þ.m.t. framhús úr timbri eða steini sem voru/eru hluti torfbæjarsamstöðu

Steinhlaðin hús

Tímabil: 1750-1915 eða síðar. Öll hús hlaðin að hluta til eða að öllu leyti úr náttúrusteini, þ.m.t. steinbæir.

Timburhús – eldri gerð

Tímabil: 1760-1900 eða síðar. Þ.m.t. dönsk og dönsk-íslensk gerð, timburklassík, barrok.

Timburhús – Sveitserstíll

Tímabil: 1890-1915 eða síðar. Járn- og timburklædd hús með sveitserieinkennum og timburhús af einfaldri gerð.

Steinsteypuklassík

Tímabil: 1900-1930 eða síðar. Steinsteyppt hús með sögulegum stíleinkennum, þ.m.t. klassík, nýbarrok og júgend.

Funksjónalismi

Tímabil 1930-1945 eða síðar. Hús með fúnkíseinkennum, s.s. hornluggum, valmapökum og steiningu.

Móðernismi

1945-1975 eða síðar. Hús með einkennum móðernisma, s.s. einhalla eða flöt þök, gler- og litafletir.

Annað

Hús byggð eftir 1975, hús og mannvirki sem erfitt er að stílgreina.

1. Torfhús

Innan verndarsvæðisins voru torfhús, ásamt timburhúsunum, nánast ríkjandi húsagerð fram til aldamóta 1900. Á uppmældu korti frá 1930 má sjá að enn er töluverður fjöldi torfhlaðinna íbúðarhúsa í bland við timburhúsin og oft á tíðum eru þessi hús sambyggð eða tengd. Í dag eru öll íbúðarhús úr torfi horfin.

2. Steinhlaðin hús

Engin steinhlaðin hús úr flokki 2 eru innan svæðisins.

3. Timburhús

Þar sem flest aldamótahúsin á Eyrarbakka eru í flokkum 3 og 4, timburhús, er ástæða til þess að flokka þau nánar í undirflokka. Bæði eru húsin byggð á löngu tímabili, eru ólíkrar gerðar og fyrir Eyrarbakka þróuðust ákveðnar húsa- og þakgerðir, þ.e. staðbundin einkenni, sem vert er að gera skil. Undirflokkun timburhúsanna styðst við skilgreiningar þeirra sem mest hafa fjallað um byggingararfinn á Eyrarbakka, þ.e. skilgreiningum Harðar Ágústssonar (Hörður Ágústsson 2000, bls. 359) Lilju Árnadóttur (Lilja Árnadóttir 1989, bls. 9), eins og þær voru settar fram í Húsakönnun frá 1989 og Árna Sverris Erlingssonar í samantekt hans um íslenska húsagerðarsögu, með áherslu á sunnlenskar byggingar (Árni Sverrir Erlingsson, ljósrit).

- 3.1 Dönsk-íslensk, eldri gerð.
- 3.2 Dönsk-íslensk, yngri gerð. Einlyft timburhús, bárujárnklædd, oft portbyggð með kvisti.
- 3.3 Þurrabúðarhús.
- 3.4 Timburklassík, stór tveggja hæða timburhús, oft með Samúelsþaki.
- 3.5 Mansardhús



3.1. Dönsk-íslensk hús eldri gerð.

Í þennan flokk teljast fyrstu kaupmannshúsin á Íslandi sem oftast voru innflutt, en einnig hús sem byggð voru á Íslandi af íslenskum smiðum í sama stíl. Þessi hús voru oftast einlyft með bröttu þaki, grunnarnir lágir og lofthæð lítil. Sum húsín voru stökkhlaðin (bjálkahús) en flest voru gerð af bindingsverki. Framan af voru þessi hús timburklædd og þá oftast bikuð og með hvítmáluðum gluggum og oft með gluggahlerum. Dæmi um hús frá þessum tíma er Húsið (1765) og er það stökkhlaðið. Önnur hús í þessum flokki eru Einarshús (1892), Frambæjarhús (1895) og Hof (1888).



Mynd 26: Hof

3.2 Dönsk-íslensk, yngri gerð, einnig nefnt einfalt timburhús.

Íslenskir smiðir aðlöguðu dönsku húsin íslenskum aðstæðum og þau breyttust í tímans rás. Sökkklar urðu hærri, lofthæð meiri og þau voru oft portbyggð með kvisti. Eftir að bárujárnið kom til sögunnar upp úr 1880 voru þessi hús oftast klædd bárujárni og einkennandi fyrir þau eru viðbyggingar af ýmsum toga. Dæmi um hús af þessari gerð eru Einarshöfn II (1906), Skúmsstaðir I (Pálsbær, 1901) og Hraungerði.



Mynd 27: Skúmsstaðir I



3.3. Þurrabúðarhús eða alþýðuhús eins og um þau var fjallað í húsakönnun Lilju Árnadóttur frá 1989, eru eins konar framhald af torfbænum og eru svipuð í hlutföllum þó byggingarefnið sé annað. Þau voru oft lágreist með risþaki og meðfram langhlið þeirra var jafnan viðbygging með einhalla skúrþaki. Dæmi um hús í þessum flokki er Bjarghús (1912) og Inghóll (1910). Dæmi um þurrabúðarhús með tveimur burstum eru Steinsbær og Ós.

3.4 Timburklassík, eru tveggja hæða hús með lágu risi, lofthæð nokkru meiri en áður. Oft voru þessi hús skreytt með bjórum yfir dyrum og gluggum og skornum vindskeiðum. Á Eyrarbakka var notuð sérstök þakgerð, svokallað Samúelsþak, en það var lágt bogadregið þak, kennt við Samúel Jónsson smið, sem bjó á Eyrarbakka árin 1890-1901 (Lilja Árnadóttir 1989, bls. 11). Dæmi um hús af þessari gerð er Búðarstígur 10a og Einarshöfn III. Búðarstígur 10b var einnig með þessu lagi fram til 1923, en þá var því breytt og sett á það risþak. Nú stefna eigendur að því að það fái aftur sitt upprunalega útlit, en endurbætur standa nú yfir.



Mynd 28: Einarshöfn

3.5. Hús með mansardþaki.

Flest hús á Eyrarbakka með þessari þakgerð eru lítil alþýðuhús og staðbundið afbrigði þessarar þakgerðar er með efri hluta þaksins sem Samúelsboga. Það sem er ólíkt notkun þessarar þakgerðar á Eyrarbakka er að flest húsin eru frekar lítil að grunnfleti, sem er óvenjulegt fyrir notkun á þessu þakformi. Þakformið gerði það að verkum að betri nýting fékkst á efri hæðina þar sem lofthæð varð meiri. Dæmi um hús af þessari gerð eru Sandvík II (1900), Bráðræði (1900), Mundakot II (1903) og Sjónarhóll (1886) en upprunalegt þak á Sjónarhóli var þó ekki mansardþaki, heldur var því breytt 1896.



Mynd 29: Sandvík, hús með mansardþaki og Samúelsboga



4. Timburhús í sveitserstíl (tímabil 1890-1915 eða síðar)

Bæði er um að ræða innflutt katalóghús en einnig íslensk hús sem byggð voru í anda innfluttu húsanna og höfðu þá bárujárnsklæðningu. Einkennandi fyrir húsín er hár sökkull, mikil lofthæð, stórir gluggar og oft eru þau portbyggð með háu risi. Þessi hús voru oft töluvert skreytt, s.s. skrautbönd við glugga og skrautflúr á burstum. Dæmi um hús í þessum flokki eru Reginn (1907), Gunnarshús (1915), Garðhús I (1895), Gunnarshólmi (1915), Túnberg (1914), Garðbær II (1926), Nýhöfn (1914) og Breiðaból (1932).



Mynd 30: Gunnarshús

5. Steinsteyppt hús í upphafi 20. aldar

Hér er einnig brugðið út af skilgreiningu Minjastofnunar og húsum frá þessu tímabili skipt í tvo undirflokk.

5.1 Steinsteypklassík 1918-1930

Hús af þessari gerð voru í fyrstu mótuð eftir útliti timburklassíkur eða sveitserstílsins. Fyrsta hús þessarar tegundar á Suðurlandi var Skjaldbreið á Eyrarbakka (1910) og síðar komu Breiðablik (1916), Læknishús (1916), Mikligarður (1919) og Litla-Háeyri (1932).



Mynd 31: Skjaldbreið. Myndina tók Guðlaug Erna Jónsdóttir

5.2 Einföld steyppt hús, s.s. með þurrabúðarlagi, byggð á árunum 1912–1916

Nokkur hús sem byggð voru í upphafi 20. aldarinnar og minntu að öllu leyti á dönsk-íslensku húsín yngri gerð eða þurrabúðarhúsín, en voru steinsteyppt. Dæmi um slík hús er Suðurgata (1912), sem nú er bárujárnsklætt (Húsín á Eyrarbakka, bæklíngur).



6. Funksjónalismi (1930-1945 eða síðar)

6.1 Upprunalegur fúnkís

6.2 Síðfúnkís, valmaþök

Einkennandi fyrir stílinn hér á landi voru hornluggar, valmaþök og steining á húsveggjum. Upprunalega voru þök flöt en voru fljótt aðlöguð íslenskum aðstæðum og fengu hús því valmaþök í stað flats þaks.

Grunnform húsanna er kassalaga og stíllinn oft kenndur við nytjastefnu og öllu skrauti útrýmt. Á kreppeárunum, í kringum 1940, var algengt að reisa einnar hæðar kassalaga hús með valmaþaki. Þau voru ekki endilega með hornluggum og á Eyrarbakka voru þessi hús oft hlaðin úr holsteini. Dæmi um funkishús eru Nýibær II (1940), eftir að því var breytt en það var upphaflega tveggja bursta hús og Mörk (1936). Nýibær var upphaflega tveggja bursta hús en þakgerð breytt árið 1940. Dvalarheimilið Sólvellir eins og það var byggt í upphafi er einnig gott dæmi um funkishús, en það var byggt sem læknisbústaður eftir teikningum Guðjóns Samúelssonar og var steinað að utan. Síðar var byggt við húsið, þaki þess breytt og klætt að utan, þannig að upphafleg höfundareinkenni eru að mestu horfin.

7. Móðernismi 1945-1975

Í kjölfar funksjónalisma kemur móðernisminn og einkennist hann af einhalla eða flötum þökum, gler- og litafletum. Engin skýr dæmi eru um hús í þessum stíl innan verndarsvæðisins en Búðargerði (1963) og Silfurtún (1960) hafa einkenni móðernisma.



Mynd 32: Silfurtún. Myndina tók Guðlaug Erna Jónsdóttir

8. Annað (Hús byggð eftir 1975)

Töluverður fjöldi húsa innan verndarsvæðisins lendar í þessum flokki. Flest þeirra eru byggð samkvæmt nýju skipulagi t.d. vestast í þorpinu við Einarshafnarhverfið og svo einnig austast í þorpinu, rétt vestan við kirkjugarðinn. Þetta geta verið svokölluð týpuhús, sem eru hús á einni hæð með risþaki og stórum gluggum í stofu, en einnig önnur hús sem falla utan hefðbundinna skilgreininga á stíl eins og bragginn við Búðarstíg 19a (1947).



Byggingarefni

Ráðandi byggingarefni húsa á Eyrarbakka er timbur og steinsteypa en nokkur hlaðin hús (holsteinn) eru þar einnig, flest frá 5. og 6. áratug síðustu aldar. Af þeim húsum sem byggð eru 1920 eða fyrr eru 10 þeirra steinsteypt. Langflest timburhúsin sem byggð eru fyrir 1920 eru bárujárnsklædd eða timburklædd. Einungis örfáar undantekningar eru á því, t.d. Sunnuhvoll með áklæðningu. Mörg húsanna hafa farið í gegnum ýmis breytingaskeið, allt frá því að vera breytt í funkishús (Sjónarhóll, Hreggviður, Nýibær II) þar sem þau voru forsköluð, yfir í breytingar á gluggum, kvistum, klæðningu ofl. Sum húsanna voru augnstungin eins og kallað er en þá hefur gluggum með smárúðum verið skipt út fyrir stærri glugga með færri póstum og gluggar einnig oft stækkaðir.

Af þeim húsum sem byggð eru eftir 1920 eru sem fyrr segir nokkur hlaðin en flest eru steinsteypt. Elsta steinsteypta húsið er Skjaldbreið, byggt 1910 og flokkast það sem steinsteypuklassík. Suðurgata, við Eyrargötu 37a er með þurrabúðarlagi og líkist öðrum timburhúsum með því lagi en er þó steinsteypt.

Timburhús sem byggð eru eftir 1920 eru í flestum tilvikum hús sem byggð eru í gömlum stíl eins og Eyrargata 18 (Vinaminni), Stíghús I (Þórdísarhús), Eyrargata 39 (Hausthús) og húsin við Þykkvaflöt 4 og 6.

Útlit húsa sem byggð eru eftir 1930 er öllu fjölbreyttara og þar má sjá timbur, steypu, steni, ál og plast á ytra byrði. Það er misjafnt hversu vel eða illa þessi nýju byggingarefni falla að eldri byggð. Það sem stingur hvað mest í stúf er liggjandi bárujárn, steni-klæðningar, plastklæðningar og kantað bárujárn, hvort sem er á yngri eða eldri húsum.

Litir húsa hafa breyst gegnum tíðina og í dag eru ekki mörg hús svartbikuð eins og tíðkaðist á upphafsárum Hússins og sennilega er Húsið og útihúsin þar í kring, einu svartbikuðu húsin á Eyrarbakka í dag. Aðgengi að málningu og tíska hafa haft áhrif á liti húsa og má telja víst að flest húsin á Eyrarbakka hafi gengið gegnum nokkur breytingaskeið hvað það varðar. Um aldamótin 1900 voru jarðlitir áberandi, í kringum 1960 var áberandi hvað mörg hús voru hvítmáluð með rauðu þaki og upp á síðkastið hefur litum fjölgað í litaflórunni og má sjá ýmsa liti í götummyndinni. Það eru þó ekki allir litir og litasamsetningar sem hæfa aldamótahúsunum, sérstaklega þegar kemur að sterkum og dökkum litum, þá geta þeir borið lítil hús ofurliði.





Sjónræn gæði byggðar

Fyrir um 40 árum, í kringum 1980 byrjaði vakning í húsvernd á Eyrarbakka. Síðan þá hafa bæði einstaklingar og opinberir aðilar lagt áherslu á að gera hús sín upp og koma þeim í upprunalegt horf. Húsin njóta sín hins vegar ekki til fulls ef umhverfi þeirra, götur, stígar og opin rými eru ekki vel hirt og útfærð. Á undanförunum árum hefur verið unnið að endurbótum á gangstéttum meðfram Eyrargötu og ný götulýsing verið sett upp. Það verk hefur verið unnið í áföngum og var byrjað að austanverðu við Álfstétt og þokast nú framkvæmdir til vesturs. Í stað vélsteyptra kantsteina hafa verið lagðir forsteyptir kantsteinar og gangstéttir verið hellulagðar með tromluðum hellusteini.



Myndir 33 og 34: Séð til vesturs eftir Eyrargötu. Ný gangstétt og nýir götulampar norðanmegin styrkja götumyndina.

Á nokkrum stöðum eru stór malarplön og einnig malbiksplön, sem ekki eru afmörkuð að neinu leyti, heldur fljóta út og breiða úr sér. Þar má nefna malbikað bílastæðaplan við samkomuhúsið Stað, en þar rennur gatan og bílaplanið saman í eitt án nokkurrar aðgreiningar t.d. í formi gangstéttar.

Svæðið milli Hússins, kirkjunnar og Miklagarðs er einnig dæmi um illa hirt malarplan sem flæðir út að götu og upp að húsum. Malarplanið austan við Frystihúsið er fyrrum slippur og því skiljanlegt að þar hafi þurft stórt athafnasvæði, en er í dag ekki í neinu samhengi við þá starfsemi sem nú fer fram í húsinu eða þá götummynd sem leitast hefur verið við að skapa. Óskilgreindar innkeyrslur að öðrum húsum meðfram götunni eru við rafstöðina, framan við Einarshafnarhúsin og við Háeyrarveg aftan við Breiðablik. Hvað varðar efnisval, er ekki raunhæft að endurskapa götummynd fyrri tíma, en það voru oftast nær moldartroðningar og mjóir stígar og tími bílsins ekki runninn upp. Flestar götur innan verndarmarkanna eru malbikaðar í dag og hellulagðar gangstéttar meðfram þeim. Eitthvað er þó enn um malargötur og stíga. Náttúrulegar hellur voru víða við innganga að húsum og hugsanlega eftir mjóum tröðum, en ekki er hefð fyrir hellulögðum götum á Eyrarbakka, ekki frekar en annars staðar á landinu.



Myndir 35 og 36: Dæmi um ófrágengin götu- og gangsvæði



Víða eru lágar píláragirðingar (stakit) við hús og lóðir og annars staðar langbandagirðingar með tveimur böndum. Þessar girðingar eru oftast í nokkuð góðu ásigkomulagi og falla vel að húsunum. Sama má segja um hlaðna garða, suma nýja, sem falla vel að byggðinni. Nokkur dæmi eru um girðingar sem stinga í stúf, s.s. staðlaðar skjólgirðingar úr byggingavöruverslunum.



Myndir 37-39: Dæmi um girðingar og hlaðna veggj sem hæfa vel umhverfinu

Meðfram Eyrargötu og Búðarstíg er lítið um trjágróður sem prýði er af. Meðfram Túngötu er gróður innan garða gróskumeiri og oft á tíðum vel hirtur. Selta og rok er án efa hluti af skýringunni en einnig gæti smæð garða og áhersla á kartöflu- og matjurtaræktun verið ástæðan. Grassvæði utan lóðarmarka eru misjafnlega vel hirt og víða má sjá illgresi eins og njóla.

Aðkoma að verndarsvæðinu í vestri, frá Nesbrú gegnum Búðarstíg, einkennist af skipulagi síðari tíma, en á vinstri hönd eru tvö týpuhús auk tveggja óbyggðra lóða og á hægri hönd braggi frá 1947, sem nýlega hefur verið endurnýjaður. Alls kyns lausamunir einkenna lóðafrágang á lóð nr. 19c og þar hefur hús aldrei verið klárað. Sú ásýnd sem við fólki blasir við þessa aðkomu og myndar umgjörð um Vesturbúðarhólinn og aðkomu að sjóvarnargarðinum er losaraleg og það er ekki fyrir en komið er að Bakarísstíg að ásýndin batnar. Við Bakaríið má sjá hversu vel getur tekist til þegar hlúð er að umhverfi húsa sem búið er að gera upp, en þar mynda hús og umhverfi samstæða heild og prýða þar með umhverfi sitt.

Þar sem aldamótahúsin eru hvað flest og mynda heillegar þyrpingar, eru þau jafnframt hvað viðkvæmust fyrir rofi, þ.e. horfnum byggingum og eins fyrir því ef breytingar eða ný hús rjúfa samhengi eldri húsa. Í Einarshafnarhverfinu er það helst Einarshöfn, byggt 1952 og hefur í dag yfirbragð póstmóðerníks stíls, sem stingur í stúf við annars nokkuð heildstæða bæjartorfu. Húsið er áberandi í götumyndinni við aðkomu inn á verndarsvæðið frá vestri.

Húsapýrpingar Skúmsstaðahverfisins hafa varðveist nokkuð vel. Helsta rof í byggðarmynstrinu er hvarf Vesturbúðarinnar og breyting á Búðarstíg, sem áður tengdi Húsið og Vesturbúð. Samkomuhúsið Staður er dæmi um framandi hús, en það er nokkuð stórt og áberandi og hjálpar stór malbikaður flötur framan við húsið ekki upp á það. Síðari tíma breyting á Búðarstíg 10b og ástand hússins rýrir töluvert götummyndina, en endurbætur á því eru nú hafnar og mun það styrkja mjög götummyndina þegar húsið verður komið í sitt fyrra horf. Búið er að færa Kaldbak nær sínu upprunalega horfi og styrkir það húsapýrpinguna til muna.



Nýlega hefur Eyrarbyggakirkja verið færð til eldra horfs, einnig Kirkjubær og útihúsin norðan við Húsið. Bílskúr og spennistöð norðvestan við Húsið spilla nokkuð heildaryfirbragðinu, þó svo að stærð og þakgerð falli ágætlega að umhverfinu.

Garðbæirnir hafa verið gerðir upp á undanförunum áratugum og mynda skemmtilega aðkomu að safnasvæðinu. Húsið Mörk, sem er í funkisstíl, er í öðrum stærðarhlutföllum en gömlu húsin, en góður málsvari síns tíma. Bílskúrar sunnan megin í götunni eru meira framandi. Nokkur önnur funkishús eru vissulega í stærðarhlutföllum og formi nokkuð framandi og yfirgnæfandi í götumyndinni, en hafa þó unnið sér ákveðinn sess og eru góðir fulltrúar sín byggingarstíls. Þar má nefna Skúmsstaði II og Brennu II.

Frystihúsið og Sólvellir eru dæmigerð fyrir stórhuga byggingar 5. áratugarins og vitna um framfarir og þjónustu. Bæði þessi hús hafa misst sitt upprunalega útlit sem steinsteypt hús og eru því ekki góður málsvari síns byggingarstíls. Gerð hefur verið tilraun til þess að aðlaga Frystihúsið stíl eldri húsa með því að breyta gluggum og klæða það bárujárnri en það hefur ekki tekist sem skyldi. Bensínstöðin austan við Frystihúsið er framandi og gríðarstórt malarplan allt í kring myndar rof í götumyndina. Breytingar á Breiðabliki, sem upphaflega var byggt í stíl steinsteypuklassíkur, rýra mjög ásýnd þess og götumyndarinnar.

Frá Helgafelli að Stígprýði verður götumyndin á ný lík þeirri sem var í kringum 1930. Húsin á Austurbakkanum, Tjörn, Eyri, Þorvaldseyri og Suðurgötu mynda húsaþyrpingu sem haldist hefur nokkuð vel og sömuleiðis hlaðnir garðar og traðir, sem lágu niður að sjó. Þar má einna helst nefna Nýjabæ, Eyrargötu 8A, sem framandi hús en það er í grunninn tveggja bursta timburhús sem var breytt í dæmigert funkishús um miðja síðustu öld og er í dag hlaðið skrautlistum kringum glugga og þakskegg, sem rýra gildi þess töluvert.

Austasti hluti verndarsvæðisins verður aftur nokkuð sundurleitur. Búið er að rífa Mundakot I, Mið-Mundakot, en það var steipt hús sem fór illa í jarðsjálftanum 2008 og Mundakoti (III) hefur verið breytt töluvert, m.a. byggt ofaná það og gluggum breytt. Austustu húsin eru svo Bjarghús og Ós og nýlega hefur farið fram endurgerð á Hópi og það fær til eldra horfs. Bæjarþyrpingin við Steinskot og landslagið þar í kring er að stórum hluta upprunalegt og hefur því mikið gildi.

Þó mörg aldamótahúsanna innan verndarsvæðisins hafi tekið miklum breytingum í árunna rás, þá er upprunaleiki þorpsins ótvíræður bæði hvað varðar húsin sjálf og samspil þeirra í götumyndinni.



2.6 Varðveislumat

Hér á eftir fer fram mat á varðveislugildi fornleifa, húsa og annarra mannvirkja, sem eiga sinn þátt í að móta svipmót byggðar. Lögð er áhersla á að meta það sem mótar heildaryfirbragð byggðarinnar og samspil ólíkra þátta innan hennar. Matið byggir á niðurstöðu fyrirliggjandi húsakönnunar, en tekur einnig mið af öðrum þáttum sem móta heildaryfirbragð byggðar, s.s. samspili húsa, fornleifa og umhverfis. Fimm atriði liggja til grundvallar varðveislumatinu. Þau eru byggingarlist, menningarsögulegt gildi, umhverfsgildi, upprunalegt gildi og ástand. Í lokinn er dregið fram heildarmat, þar sem vega hvað þyngst byggingarlistalegt, menningarsögulegt og umhverfislegt gildi. Þannig geta hús, sem eru í lélegu ástandi, eða hefur verið breytt mikið, fengið hátt varðveislumat ef þau hafa mikla þýðingu í sögulegu samhengi. Erfitt getur reynst að vega og meta gildi fornleifa í þessu sambandi, ekki síst á Eyrarbakka þar sem fornleifar lúra undir hverju fót máli. Í ljósi þess hve stórt hlutverk hlaðnir garðar, bæði sjóvarnargarðar sem og aðrar hleðslur, leika í heildarsvipmóti Eyrarbakka, er tekið ríkt tillit til þessara garða í varðveislumatinu.

Varðveislugildi flokkast í þrjá verndarflokka:

Hátt varðveislugildi. Samsvarar flokkum 1, 2 og 3 samkvæmt SAVE aðferðinni.

Miðlungs varðveislugildi. Samsvarar flokkum 4, 5 og 6 samkvæmt SAVE aðferðinni.

Lágt varðveislugildi. Samsvarar flokkum 7, 8 og 9 samkvæmt SAVE aðferðinni.

Varðveislumatið byggir á Húsakönnun sem unnin var samhliða verkefninu og byggir á drögum að leiðbeiningum Minjastofnunar frá 2017. Matið byggir einnig á fornleifaskráningu sem og mati á sýnilegum minjum innan svæðisins og sjónrænu mati á vettvangi.



Byggingarlist, listrænt gildi

Það sem einkennir byggingarlist aldamótahúsanna á Eyrarbakka er ekki ríkmannlegt yfirbragð eða íburður, heldur látlaus alþýðustíll sem í sumum tilvikum hefur þróast á sérstakan hátt á Eyrarbakka og hefur þá fágætisgildi. Þannig hefur ákveðið þaklag, Samúelsþak og mansardþak og í sumum tilvikum sambland þessara tveggja, þ.e. mansardþak þar sem efsti hlutinn er Samúelsbogi, verið áberandi fyrir hús á Eyrarbakka. Það sem eykur gildi þessa byggingarstíls er hversu mörg þessara húsa hafa varðveist og hvernig þau mynda heildstæðar þyrpingar og götummyndir. Áberandi er vestast á verndarsvæðinu hversu heildstæð byggðin er þegar litið er til hlutfalla húsanna og samspili þeirra við götummyndina og innbyrðis í húsaþyrpingu við Einarshafnarbæina og Skúmsstaðabæina.

Nokkur einstök hús hafa hátt byggingarlistargildi og eru jafnvel einstök á landsvísu. Þar má nefna Húsið, Assistentahúsið og Eyrarbakkakirkju, en hún er einnig mikilvægt kennileiti þorpsins og hefur nýlega verið færð nær upprunalegu horfi með nýrri klæðningu. Hátt byggingarlistargildi hefur einnig Bakaríð sem er frá 1884 og eina hús dönsku verslunarinnar sem varðveist hefur. Gunnarshús og Reginn eru bæði reisuleg og falleg timburhús í sveitserstíll. Önnur hús sem metin eru með hátt byggingarlistargildi og staðbundin einkenni, eru t.d. Einarshöfn III og Búðarstígur 10a, sem er með Samúelsþaki, Sjónarhóll, Sandvík II og Einarshús.

Hús frá þessum tíma sem metin eru með lágt listrænt gildi eiga það sameiginlegt að vera mikið breytt frá upprunalegu útliti s.s. breytt þak, glugga, kvisti, viðbyggingar, veggklæðningu ofl. Sem dæmi má nefna Austurvöll, Mundakot III, Búðarstíg 10b og Sunnuhvol. Langvarandi breytingaskeið er einkennandi fyrir mörg þessara eldri húsa, þar sem gluggum, klæðningu og viðbyggingum hefur verið breytt nokkuð oft á undanförunum hundrað árum. Nýlega var hafist handa við viðgerðir á Búðarstíg 10b og er það tilhlökkunarefni að sjá hvernig til tekst og hvernig götmyndin mun breytast.

Afar fá hús sem eru yngri en 100 ára eru metin með hátt listrænt gildi, en þau sem falla undir þann flokk eru góðir málsvarar byggingarstíls síns tíma. Þar má nefna Skúmsstaði II, Mörk og Ásheima sem eru í funkisstíl. Flest þessara húsa standa þétt við eldri hús og stinga í stúf í hlutföllum, en eru engu að síður góður málsvari síns byggingarstíls og hafa verið hluti af götmyndinni í áratugi.

Listrænt gildi húsapyrpinga og götmynda er víða mikið þar sem þau mynda samstæðar heildir, oft studd af hlöðnum gördum. Þar ber fyrst að nefna Húsið og nágrenni þess. s.s. kirkjuna og Garðbæjarhverfið, Skúmsstaðahverfið, húsinn meðfram Búðarstíg, Einarshafnarhverfið, Sandvíkurhverfið og Háeyrarhverfið (Austurbakki). Þau hús sem mynda þessar heildir geta verið af ólíkri gerð, en vegna stærðar og hlutfalla, efnisvals og jafnvel sögu, mynda þau heildstæða húsapyrpingar sem vert er að vernda.

Niðurstaða: Miðlungs byggingarlistargildi.



Kort 23: Byggingarlistargildi samkvæmt Húsakönnun

Menningarsögulegt gildi

Núverandi byggð á Eyrarbakka er einstæð fyrir þær sakir að þar hafa varðveist sem ein heild, spor um verslunarhætti, sjósókn, búskaparhætti og búsetuform fyrri alda. Þar er að finna eitt elsta íbúðarhús landsins, Húsið, en þar má einnig sjá alþýðuhús sem nánast hafa verið óbreytt frá því þau byggðust, bæði innan sem utan, s.s. Eyri. Sú staðreynd að rekja má sögu verslunar allt aftur til einokunarverslunarinnar í þorpínu og einnig samfellda ábúð á jörðunum Háeyri, Skúmsstöðum og Einarshöfn frá landnámi, gefur byggðinni hátt menningarsögulegt gildi. Safnasvæðið, sem ákveðin þungamiðja innan verndarsvæðisins og þorpsins alls, hefur ríkt menningarsögulegt gildi sem miðstöð verslunar á Bakkanum.



Pó svo að verslunarhúsin sjálf séu horfin (Vesturbúð) þá vitnar Vesturbúðarhóllinn, Bakaríið, Búðarstígur og Húsið, ásamt byggðinni þar í kring, um það hversu umfangsmikil og mikilvæg sú verslun var á sínum tíma.

Beitningaskúrinn frá 1921, sem nú er í eigu Sjóminjasafnsins, er einn beitningaskúra sem enn er uppistandandi á svæði sem kallaðist Byrgin. Húsapýrpingin á Litlu-Háeyri vitnar um langa búsetu- og verslunarsögu og Frystihúsið vitnar um stórhug og mikilvægan þátt útgerðarinnar í atvinnuháttum þorpsins. Það má nánast lesa sögu þorpsins með því að ganga um götur þess og virða fyrir sér húsin. Skúrar, hlaðnir garðar, jarðhýsi og siglingamerki minna á ógnir hafsins og áralanga baráttu við það, útræðið og jarðræktina. Staðbundin einkenni og byggingarhefð sem áður hafa verið nefnd gefa byggðinni hátt menningarsögulegt gildi og hér má einnig sjá einhver elstu steinsteyptu hús landsins, Skjaldbreið (1910), Sunnuhvol (1913) og Læknishús (1916). Reginn er myndarlegt hús í sveitserstíl með steypum kjallara, sem mun vera sá fyrsti sinnar tegundar á Suðurlandi. Í húsinu var fyrsta landsímastöð Eyrarbakka, frá 1909. Frambæjarhús er eitt fárra húsa af eldri gerð timburhúsa.

Niðurstaða: Hátt menningarsögulegt gildi

Umhverfisgildi

Staðsetning þorpsins á Eyrinni, lögum þess og uppröðun húsanna er sérstök og ólík flestum öðrum sjávarþorpum á landinu. Á Eyrarbakka hafa húsin raðast upp meðfram langri þorpsgötunni, Búðarstíg og Eyrargötu, sem er vel varin af sjóvarnargarði út mót hafinu. Sjá má tengsl milli bryggja, verslunarhúsa og gatna og hefur þessi meginformgerð þorpsins varðveist. Óregluleg lóðaskil, hlaðnir garðar, girðingar og traðir eru óbreytt á mörgum stöðum þrátt fyrir breytt skipulag

síðari tíma. Samspil húsa og gatna/traða er mjög áberandi og einnig eru nokkur hús sem hafa staðið þétt saman í yfir hundrað ár og eru nánast óaðskiljanleg. Þar má nefna Einarshafnarbæina, Steinsbæina, Garðhúsin, Sandvíkurbæina, húsapýrpinguna á Austurbakkanum, og svo auðvitað Húsið og Assistentahúsið.

Nokkur yngri hús eru smíðuð í gömlum stíl og er ætlað að falla vel að eldri byggð. Það hefur tekist nokkuð vel og styrkja þau bæði götumynd og húsapýrpingar þar sem þau hafa verið byggð. Þar má nefna Eggjaskúr, sem byggður er norðan við Assistentahúsið, Vinaminni (Eyrargata 18), Stíghús I (Eyrargata 34), sem er byggt með mansardþaki og Eyrargötu 39. Ný hús utan aðalgötunnar sem einnig falla vel að núverandi byggð eru Þykkvaflöt 4 og 6.

Mótun þorpsins á sandbökkum meðfram sjávarströnd og varnargarðar sem hafa byggst upp í gegnum aldirnar, mynda sérstakt byggðarmynstur. Þannig standa mörg hinna eldri húsa meðfram Eyrargötu og Búðarstíg, sem raða sér meðfram ströndinni og eru eins og perlur á festi. Margar kynslóðir sjóvarnargarða vitna um baráttuna við hafið og viðleitni mannsins til að hemja náttúruöflin og verja byggðina ágangi sjávar.

Það sem helst truflar hina smágerðu byggð eru ný hús á jöðrum verndarsvæðisins s.s. við innkomu að svæðinu frá vestri og austri, rof í götumyndina austan við Frystihúsið og skörð í gömlu götumyndina við Búðarstíg, en þar hafa hús horfið og ný hús risið sem falla illa að götumyndinni.

Niðurstaða: miðlungu umhverfisgildi.



Upprunalegt gildi

Á Eyrarbakka er að finna eina heillegustu íbúðabyggð landsins frá því um aldamótin 1900 og þar er nokkuð stór kjarni gamalla húsa sem hefur í gegnum tíðina haldið sínu svipmóti óskertu. Í megindráttum hefur lega aðalgötunnar og afstaða húsanna ekki breyst mikið. Þannig eru húsapyrpingar við Skúmsstaði, Húsið og umhverfi þess og kirkjunnar, Garðhúsahverfið og húsaraðir meðfram Eyrargötu vel varðveitt. Legu Búðarstígs var breytt og í stað þess að mynda skáhallandi ás milli Hússins og Vesturbúðar, sveigir hún til vesturs samsíða sjóvarnargarðinum og Túngötu. Ekki hefur verið mikið um niðurrif aldamótahúsanna síðustu áratugi, en nokkur hús varð þó að rífa vegna skemmda eftir jarðskjálftann 2008, en það eru Ásgarður, Höfn, Mundakot I og Bólstaður.

Nánast undantekningarlaust hafa öll eldri húsini gengið gegnum miklar breytingar á langri ævi sinni, svo sem viðbyggingar, breytta glugga, veggklæðningu, innra skipulag og fleira. Nokkur hús hafa þó breyst ótrúlega lítið, svo sem Eyri. Þeim húsum fjölga jafnt og þétt sem hafa verið gerð upp í sitt upprunalega horf eða í það horf sem svarar til þess tíma sem húsini voru byggð. Með tilkomu timburhúsa í byrjun 20. aldarinnar hurfu torfhúsin smátt og smátt og eru nú engin eftir innan verndarsvæðisins, hins vegar er enn töluvert af skúrum á baklóðum, frá ýmsum tímabilum.

Dæmi um aldamótahús sem ekki bera upprunaleg einkenni eru Búðarstígur 10b, Sunnhvoll, Breiðablik, Björgvin (Eyrargata 32a), Sandprýði og Austurvöllur. Hús sem byggð eru eftir 1930 eru mismunandi og tilheyra mismunandi byggingarstíl. Nokkuð breytilegt er hversu mikið þessi yngri hús stinga í stúf við aldamótabyggðina og fer það meðal annars eftir staðsetningu þeirra og jafnvel ástandi húsanna.

Almennt gildir að þau hús sem er vel við haldið og eru í samræmi við upprunalega stílgerð falla betur að byggðinni en önnur. Vestast eru nokkur hús sem falla illa að byggðinni og er það áberandi þar sem þessi hús eru á jaðri aldamótabyggðarinnar og marka inngang að henni, s.s. Búðarstígur 20 og 19c. Dæmi um hús sem byggð eru eftir 1925 og hefur verið breytt töluvert eru Frystihúsið, Sólvellir, Kirkjuhvoll og Háeyrarvellir 2.

Á austasta hluta verndarsvæðisins, við Mundakot, var byggð heldur strjál fram yfir 1930 en af þeim húsum sem þá stóðu eru enn Bjarghús, Ós, Hóp og Austurvöllur, auk Mundakots II og III. Mundakot III er mikið breytt frá upprunalegu útliti, var upphaflega á einni hæð en bæði hefur verið byggt ofan á það og gluggum verið breytt talsvert. Austurvöllur hefur einnig breyst og nú síðast hefur verið byggð skúrbygging við Ós. Bjarghús er upprunalegt og er dæmi um alþýðuhús sem nánast hefur haldist óbreytt frá byggingu þess. Þykkvaflöt er ný gata norðan við Mundakot og urðu til nýjar lóðir við hana. Þar hafa verið byggð tvö ný hús í gömlum stíl. Kirkjugarðurinn hefur verið stækkaður og ný hús hafa verið byggð samkvæmt skipulagi seinni tíma vestan við kirkjugarðinn.

Sjóvarnargarðurinn er meiri og öflugri en fyrir 1920 og tengsl byggðar og sjávar því breytt í sjónrænu tilliti. Hlutar af gömlu sjóvarnargörðunum eru horfnir og hlið og aðgengi að bryggjum og fjörum hefur breyst. Norðurjaðar byggðarinnar hefur einnig breyst eftir tilkomu Túngötu. Þannig hafa tengsl byggðarinnar við túnin og áfram norður í mýrlendið rofnað þar sem kotbýli og tún mynduðu óreglulegan jaðar rofnað enn frekar með tilkomu Þjóðvegarsins.

Niðurstaða: Miðlungs varðveislugildi.



Ástand

Fjöldi húsa er vel við haldið og hafa mörg verið endurgerð á undanförunum árum eða áratugum í upprunalegt horf eða til þeirrar gerðar sem endurspeglar aldur þeirra. Þó eru enn þó nokkur hús sem eru 100 ára eða eldri sem eru í lélegu ásigkomulagi, eða um 20 talsins. Ástand annarra aldamótahúsa telst vera miðlungs eða gott. Lélegt ástand húsa hefur mest áhrif á götumyndina meðfram Búðarstíg og Eyrargötu og í húsabyrpingunum við Einarshafnarhverfi og við Skúmsstaðabæina.

Þegar horft er á almannarýmin er þar ýmsu ábótavant. Eyrargata og Búðarstígur voru malbikuð á sínum tíma og gatan um leið hækkuð og hefur það leitt til þess að sum húsin virðast niðurgráfin í götuna. Malarplön með óljósi afmörkun er víða, svo sem umhverfis Húsið, kirkjuna og Miklagarð. Einnig stór malarplön við Frystihúsið og bensinstöðina. Ýmsan samtíning af hellugerð, kantsteinum og öðrum götubúnaði má sjá meðfram aðalgötunni. Hafist var handa árið 2012 við að leggja nýja hellulögn og setja upp nýja götulampa meðfram Eyrargötu. Framkvæmdum er ekki lokið og nær hellulögnin nú frá Álfstétt og vestur fyrir Garðhús. Ný hellulögn og götulampar eru mikið til bóta og þarf að klára það verk. Nauðsynlegt er einnig að hefja endurbætur á almannarýmum við Safnasvæðið, við Stað, við Einarshafnarhverfið og fleiri svæði. Frágangur lóða skiptir einnig miklu máli, girðingar, yfirborðsefni og gróður. Dæmi um gott samspil húsa og frágangs lóða er Bakaríð, Garðhúsahverfið, Akbraut, Hvoll, Túnberg, Nýibær (8b), Nýibær (6), og nú nýlega Hóp. Dæmi um fallega aðlögun nýrra húsa að gömlu byggðinni er t.d. Vinaminni, Eyrargata 18 og Eyrargata 39.

Mikilvægt er fyrir yfirbragð byggðar að gera upp fleiri af aldamótahúsunum, sérstaklega þau sem standa næst Búðarstíg og Eyrargötu. Einnig er sérstaklega mikilvægt að aðliggjandi hús við safnasvæðið séu í góðu ásigkomulagi og styrki þannig friðlýstu húsin. Þar má nefna Búðarstíg 10b, sem stendur reyndar til að gera upp, Stíghús III, Sunnuhvol og Káragerði.

Það er ekki eingöngu mikilvægt fyrir yfirbragð byggðar að húsin séu í góðu ásigkomulagi, heldur skiptir allt umhverfi þeirra máli, s.s. frágangur lóða, girðingar, skúrar og ekki síst almannarýmin. Þar er nokkurt verk óunnið.

Almennt falla steinsteypt hús sem klædd hafa verið steni-klæðningu eða sambærilegu, einstaklega illa að aldamótabyggðinni.

Niðurstaða: Lágt varðveislugildi.

Varðveislugildi - heildarmat

Á meðfylgjandi upprætti má sjá heildarmat húsa innan verndarsvæðisins þegar fimm ofangreindir þættir eru dregnir saman og vegur menningarsögulegt, listrænt og umhverfissjónarmið mest í heildarmatinu. Öll friðlýst hús og stór hluti friðaðra húsa fær hátt varðveislugildi eða um 64 hús og 56 hús eru metin með miðlungs varðveislugildi. Samtals eru því um 120 hús af 155 með miðlungs eða hátt varðveislugildi. Nokkur hús eru metin með hátt varðveislugildi þó þau séu byggð eftir 1925 og má þar nefna Litlu-Háeyri, Breiðaból og Garðbæ II.



Söguleg þýðing húsa getur vegið þungt eins og sést á Frystihúsinu, en það fær miðlungs varðveislugildi, þrátt fyrir að núverandi ástand þess sé mikið breytt og að það myndi ákveðið rof í byggðinni. Á sama tíma og Frystihúsið myndar rof, er það einnig sterkt kennileiti.

Í heildarmatinu vegur sérstaða byggðarinnar í sögulegu samhengi og út frá fjölda aldamótahúsa sem varðveist hafa nokkuð þungt. Mikilvægt er að byggðin haldist áfram lifandi og að áfram verði unnið að því að gera upp fleiri hús, bæta inn í skörð og fara í endurbætur á umhverfinu, svo hús og umhverfi fái notið sín betur. Götumynd og einstakar húsapýrpingar ásamt hlöðnum görðum eru einstakar á landsvísu. Aðkallandi er að styrkja umgjörð húsanna og þá sérstaklega stór opin rými og götuna Búðarstíg/Eyrargötu. Ekki er raunhæft né heldur skal leitast við að fjarlægja yngri hús sem eru í góðu ásigkomulagi. Ekki skal heldur breyta funkís eða móðernískum húsum á þann hátt sem ekki hæfir þeim, s.s. með smárúðum, skrautlistum o.s.frv. heldur skal leitast við að þau verði endurgerð og viðhaldið í þeirri mynd sem þau eru byggð.

Niðurstaða: miðlungs til hátt varðveislugildi.






2.7 Verndarstefna

Verndarflokkar tillögunnar byggja á niðurstöðu varðveislumats og þar eru verndarflokkar skilgreindir út frá heildarmati allra samspilandi þátta, þ.e. varðveislugildi mannvirkja, götummynda, húsapyrpinga, heilda og afmarkaðra reita innan verndarsvæðisins.

Hús og mannvirki eða leifar þeirra sem falla undir ákvæði laga um menningarminjar

Á eftirfarandi korti má sjá yfirlit yfir hús og mannvirki sem falla undir ákvæði laga um menningarminjar, bæði hús og sýnilegar fornleifar, óháð því hvaða varðveislumat þau hafa fengið. Punktur fyrir skráðar fornleifar aðrar en þær sýnilegu, eru ekki birtir, þar sem þeir eru það margir að kortið verður ólæsilegt. Yfirlit yfir skráðar minjar má sjá í kaflanum um minjar.




Kort 25: Hús og mannvirki sem falla undir ákvæði laga um menningarminjar. Sjá enn fremur A3 kort í viðauka I.


Verndarflokkar innan verndarsvæðis í byggð samkvæmt varðveislumati

Á eftirfarandi korti má sjá yfirlit yfir einstök hús og samstæður húsa eða götummynda. Af yfirlitinu má sjá hvernig ákveðið mynstur myndast meðfram Búðarstíg og Eyrargötu og svo nokkrar þyrpingar þar fyrir utan. Einnig má svæði sem eru mikilvæg fyrir byggðina í heild, s.s. kirkjugarðinn, hlaðna garða í Einarshafnarhverfinu og votlendið Hópið.





Kort 26: Mat á varðveislugildi húsa og götummynda, byggt á niðurstöðu Húskönnunar og varðveislumats. Sjá enn fremur A3 kort í viðauka I.



2.8 Skilmálar um verndun og uppbyggingu


Skilmálar þeir sem hér eru settir fram byggja á lögum nr. 87/2015 um verndarsvæði í byggð og eru í samræmi við þá framtíðarsýn og ákvæði sem sett eru fram í Aðalskipulagi Árborgar 2010–2030 um hverfisvernd. Skilmálarnir eru einnig í samræmi við lög um menningarminjar nr. 80/2012.

Skilmálum fyrir verndarsvæðið er ætlað að stuðla að svokallaðri samþættri verndun og hefur að markmiði að varðveita sérstöðu byggðarinnar samhliða uppbyggingu og endurnýjun undir vissum skilyrðum. Þannig mun verndunin stuðla að lifandi þorpi sem byggir á sérstöðu sinni hvað varðar menningarsögu, varðveislu og byggingarstíl. Núverandi svipmót byggðar einkennist af ólíkum tímаскеiðum og ljóst er að verndarsvæðið verður ekki fært til baka til þess tíma sem blómaskeið Eyrarbakka stóð yfir, um og eftir aldamótin 1900. Markmið verndunarinnar er ekki að fjarlægja eða afmá síðari tíma byggðapróun, heldur að styrkja þau sérkenni sem ríkjandi eru og samþætta ólík tímabil.

Á undanförunum árum og áratugum hefur mikið áunnist í verndun og endurbyggingu aldamótahúsanna og má tala um vakningu meðal íbúa og húseigenda í þeim efnum. Í meðfylgjandi skilmálum er áhersla lögð á umhverfið og umgjörð húsanna, hvernig og hvar megi byggja ný hús og hvað beri að varast og forðast við umhverfismótun byggðarinnar. Í skilmálum um umhverfismótun er lögð áhersla á varðveislu ýmissa sérkenna svo sem óreglulegt byggðarmynstur sem endurspeglast í óreglulegum lóðarmörkum, mænisstefnu, götum og stígum. Ný hús, endurbygging núverandi húsa og umhverfismótun skal öll miða að því að styrkja þetta yfirbragð. Skilmálar miða að því að samþætta ólík tímаскеið í byggingarsögunni og er það meðal annars gert með því að stuðla að því að yngri hús haldi sínu upprunalega stílbrigði, t.d. funkíshús.

Við skilmálagerð er unnið með þrjú verndarflokka fyrir svæði, skv. leiðbeiningum Minjastofnunar, auk verndarflokka fyrir hús. Svæðin fá þannig hátt, miðlungs eða lágt verndargildi og taka skilmálar mið af því hvaða verndarflokk um ræðir. Verndarflokkarnir byggja á varðveislumati sem fjallað er um í kafla 2.5. Á meðfylgjandi mynd sést að stór hluti svæðisins fær einkunnina miðlungs varðveislugildi.





Kort 27. Verndarflokkar innan verndarsvæðis – hús og svæði. Sjá enn fremur A3 kort í viðauka I



Svæði með hátt varðveislugildi: Þar eru minnstir möguleikar á uppbyggingu. Aðgerðir skulu miða að því að bæta það sem fyrir er. Þar má gera ráð fyrir að séu hús og mannvirki sem hafa mikið byggingarlistalegt og menningarsögulegt gildi og skulu endurbætur á húsum og mannvirkjum miða að því að færa þau nær upphaflegri gerð. Það getur átt við ef þeim hefur verið breytt á þann hátt að ekki samrýmist upphaflegri gerð og þar má nefna klæðningar, þakgerð og glugga.

Í þennan flokk falla friðlýstu húsin; Eyrarbakka kirkja, Húsið og Assistentahúsið ásamt nánasta umhverfi þeirra, s.s. friðlýstur sjóvarnargarður framan við Húsið, aðrar hleðslur, útihús og minjar á Kaupmannstúninu. Einnig er um að ræða Kirkjubæ, sem er hluti af safnasvæðinu og því mikilvægt að falli vel að því og Garðbæirnir, en þeir hafa mikla þýðingu fyrir umhverfi friðlýstu húsanna og safnasvæðisins. Vesturbúðarhóllinn og Búðarstígur eru færðir í þennan flokk vegna sögulegrar þýðingar og umhverfsgildis, en Búðarstígur tengdi áður fyrr kaupmannshúsið og verslunarhúsin og er vert að leitast við að endurskapa þessi tengsl. Gónhóll er friðlýstur og því með hátt varðveislugildi.

Svæði með miðlungs varðveislugildi: Þar eru nokkrir möguleikar á uppbyggingu. Endurbætur á eldri húsum og mannvirkjum skulu miða að því að færa þau nær upphaflegri gerð. Það sem byggt er nýtt skal laga sig að byggðinni sem fyrir er og hlutföll og svipmót hennar skulu virt.

Stór hluti verndarsvæðisins flokkast með miðlungs varðveislugildi, sem þýðir að ríkar kröfur eru gerðar til endurgerðar húsa og umhverfismótunar. Þar er um að ræða Einarshafnarhverfið og kálgarðana vestan við þá, Skúmsstaðahverfið,

Garðbæjarhverfið, svæðið kringum Sandvíkurbæina, Litlu-Háeyri og reitinn meðfram Háeyrarvöllum.

Einnig eru í þessum flokki nánast öll hús meðfram Eyrargötu og Búðarstíg, ásamt Skúmsstaðahverfi, Einarshafnarhverfi, Háeyrarhverfi og Sandvíkurhverfi. Áhersla er lögð á varðveislu götummyndarinnar meðfram Eyrargötu og Búðarstíg, óháð núverandi ástandi húsa við götuna. Steinskot og Hópið falla undir þennan flokk, enda um mikilvægt menningarsögulegt landslag að ræða.

Svæði með lágt varðveislugildi: Þar eru mestir möguleikar á uppbyggingu. Það skal þó alltaf haft að leiðarljósi að það sem byggt er nýtt þarf að falla vel að byggðinni sem fyrir er og taka mið af hlutföllum og svipmóti hennar.

Um er að ræða svæði á reit 2 og 3, aðallega næst Túngötu, milli Hjallavegar og Háeyrarvegar. Einnig falla nokkrar lóðir meðfram Eyrargötu, næst kirkjugarði, í þennan flokk, en þar eru aðallega hús frá 7. og 8. áratug síðustu aldar.

Nokkur munur er á vestur- og austurhluta verndarsvæðisins m.t.t. varðveislugildis sjálfra húsanna og má sjá að möguleikar á uppbyggingu nýrra húsa eru meiri í austurhlutanum.

Skilmálar eru settir fram með tvennum hætti. Annars vegar er um að ræða almenna skilmála sem gilda fyrir umhverfismótun, minjar og byggingar fyrir verndarsvæðið í heild sinni. Hins vegar eru settir fram skilmálar og tilmæli fyrir einstaka reiti innan svæðisins. Ekki eru settir fram skilmálar fyrir einstök hús, heldur miða skilmálar að því að beina endurgerð og nýbyggingum í þann farveg og málsmeðferð sem hæfir hverju húsi. Líta má á skilmálana sem eins konar rammaskipulag fyrir frekari deiliskipulagsgerð fyrir svæðið og hugsanlega fyrir leyfisveitingar einstakra framkvæmda.



2.8.1 Almennir skilmálar

Minjar

- Friðlýstar minjar eru hlaðinn garður framan við Húsið og Gónhóll. Þessar minjar ber að varðveita sérstaklega og huga að við frekari umhverfismótun.
- Varðveita ber gamla hluta sjóvarnargarðsins, en þá má sjá mjög víða innanvert við nýja sjóvarnargarðinn innan alls verndarsvæðisins. Hugað skal að viðhaldi og endurhleðslu gamalla garða í samráði við minjavörð Suðurlands.
- Aðrar sýnilegar minjar, s.s. hlaðna garða, tóftir, brunna o.fl. skal varðveita og gera sýnilega eins og kostur er.
- Hafa skal í huga við allar framkvæmdir innan verndarsvæðisins að minjar eru við hvert fót mál og ber að haga verkframkvæmdum samkvæmt því.

Götur, stígar og almannarými

- Við endurbyggingu gatna og stíga skal tekið mið af útliti og einkennum svæðisins (karakter) og yfirbragði byggðarinnar. Hönnun og mótun aðalgötunnar (Búðarstígs, Eyrargötu og Háeyrarvalla) skal vera samræmt hvað varðar efnisval og útfærslu. Forðast skal malbikað yfirborðsefni í gangstéttum meðfram götunni sem og vélsteyptan (staðsteyptan) kantstein, heldur velja frekar forsteyptar hellur og kantsteina eða náttúrustein.
- Efnisval götubúnaðar, s.s. bekkja, hjólagrinda og götulampa í almannarýmum skal vera samræmt. Götubúnaður skal vera látlaus og undirstrika sérstöðu svæðisins og falla vel að heildaryfirbragði þess. Varast ber að velja búnað sem er of áberandi og dregur athyglina frá húsunum.
- Girðingar á lóðarmörkum og skjólveggir við hús skulu taka mið af aldri húsa

og gerð, forðast skal verksmiðju- og fjöldaframleiddar girðingar. Heimilt er að hlaða girðingar úr grjóti eða torfi, en ekki má spilla núverandi grjótgörðum sem teljast til minja.

- Þar sem um malarborna göngustíga og götur/slóða er að ræða, skal leitast við að afmarka kanta og skulu þeir helst afmarkaðir með hellubandi eða náttúrustein.
- Samræma skal útlit opinberra upplýsingaskilta og vegvísa innan svæðisins og skal útlit þeirra vera látlaust og í samræmi við yfirbragð byggðarinnar. Óheimilt er að setja upp neonskilti eða ljósaskilti innan verndarsvæðisins.
- Leitast skal við að styrkja þorpsmyndina með gróðri í almannarýmum.
- Tryggja skal gönguleið og almennt aðgengi meðfram eða á sjóvarnargarði.

Yfirbragð byggðar og byggingarskilmálar húsa

- Innan verndarmarkanna ber að varðveita og viðhalda því heildaryfirbragði sem þar ríkir og kemur fram í götumynd, byggðarmynstri, húsagerð, stærð og efnisvali.
- Hús innan verndarmarkanna sem byggð eru 1925 eða fyrr, njóta verndar skv. lögum um menningarminjar og ber að varðveita í samræmi við ákvæði laganna. Viðhald og endurgerð þessara húsa skal miða að því að færa þau sem mest í upprunalegt horf sé þess kostur. Viðbyggingar við þessi hús skulu falla vel að eldri húsagerð og efnisvali.
- Lagfæringar húsa sem byggð eru eftir 1925 og bygging nýrra húsa skulu falla að því byggðarmynstri og húsagerð sem ríkjandi er. Þar sem mörg hinna eldri húsa eru smágerð skal þess gætt að ný hús sem byggð eru í nágrenni þeirra




taki mið af stærðarhlutföllum eldri húsanna. Viðhald og endurgerð húsa sem byggð eru eftir 1925 skal þó taka mið af upprunalegum byggingarstíl þeirra og skal varast þakform, glugga og efnisval sem ekki hæfir byggingarstíl húsanna.

- Þar sem aðstæður leyfa og rými er innan lóðarmarka er heimilt að byggja bílskúra og/eða geymslur. Bílskúrar og geymslur skulu taka mið af íbúðarhúsi hvað varðar lit, efnisval og almennan frágang. Stærð og hlutföll bílskúra skulu einnig taka mið af íbúðarhúsi á lóð og í sumum tilvikum af húsum aðliggjandi lóða. Leitast skal við að staðsetja bílskúra þannig að þeir skyggi ekki á íbúðarhúsið og séu ekki ráðandi í götumyndinni.
- Ný hús á auðum/nýjum lóðum. Nokkrar lóðir eru óbyggðar og þar er leyfilegt að reisa ný hús. Skilmálar geta verið breytilegir, sjá nánar undir skilmálum reita 1, 2 og 3. Nokkrar lóðir með þegar byggðum húsum á eru það stórar, að þar má athuga hvort þeim megi skipta upp.
- Þar sem talað er um ný hús í gömlum stíl, er átt við hús sem taka mið af og falla að aldamótahúsunum í hlutföllum, efnisvali og formgerð.

2.8.2 Reitur 1

Reiturinn nær yfir Einarshafnarhverfið, Skúmsstaðahverfið, Safnasvæðið og Garðhúsahverfið. Nær allur reiturinn hefur annað hvort hátt eða miðlungs varðveislugildi og öll uppbygging innan reitsins skal því miða að því að styrkja heildarásýnd byggðarinnar. Innan reitsins eru þrjú friðlýst hús og tvær friðlýstar fornminjar. Sá hluti svæðisins sem er metinn með hátt varðveislugildi nær frá Vesturbúðarhólnum, eftir Búðarstíg og yfir safnasvæðið. Auk þess er Gónhóll á svæði með hátt varðveislugildi.





Kort 28: Verndarsvæði – reitur 1



Umhverfismótun:

- Forgangsatíði er að styrkja samhengi gömlu Vesturbúðarinnar, Búðarstígs, Eyrarbyggðakirkju, Hússins og safnasvæðisins alls. Innan þess svæðis skal áhersla lögð á gönguvæn svæði og draga úr bílastæðum. Leitast skal við að styrkja ásýnd og stöðu kirkjunnar með því að veita henni rými í sameiginlegu torgi. Það er meðal annars gert með því að fjarlægja girðingu og draga úr bílastæðum í kringum kirkjuna. Forðast skal malbik á bílastæðum og torgi.
- Óheimilt er að byggja á Vesturbúðarhólnum eða raska honum á annan hátt, nema ef vera skyldi til þess að endurgera hús dönsku verslunarinnar, að hluta eða heild, eða marka útlínur þeirra með einhverjum hætti. Slík endurgerð skal gerð í nánú samstarfi við Minjastofnun. Ekki er leyfilegt að leggja Vesturbúðahólinn undir bílastæði.
- Mikilvægt er að gera endurbætur á svæðinu framan við Einarshafnarbæina, þar sem hlaðnir garðar fá að njóta sín og akstursleiðir eru afmarkaðar.
- Autt svæði meðfram sjóvarnargarði og við Gónhól skal skoðað með almennt útivistarsvæði í huga.

Nýjar lóðir og ný hús:

- Í gildandi deiliskipulagi fyrir Einarshafnarhverfið er gert ráð fyrir nýjum íbúðarlóðum innan gömlu kartöflugarðanna, þar sem hluti af hlöðnum gördum fær að standa en hluti þeirra er víkjandi. Enn hefur engum lóðum

verið úthlutað og mætti því endurskoða lóðarmörk, byggingarreiti og fjölda lóða, með það að markmiði að form og stærð lóða taki í enn meira mæli mið af gömlu hlöðnu gördunum, en nýjar loftmyndir og mælingar gefa betri mynd af núverandi gördum en áður lá fyrir. Einnig eru hugmyndir upp um að vernda vestustu garðana og leyfa einungis byggingar norðan við Einarshafnarbæina.

- Ný hús skulu vera í gömlum stíl, sbr. gildandi deiliskipulagsskilmála.
- Á lóð Hafnar, en það hús er horfið, er gert ráð fyrir að flytja Ísaksbæ.
- Skv. deiliskipulagi er gert ráð fyrir nýrri lóð og íbúðarhúsi í gömlum stíl vestan við Kirkjubæ.

Æskilegar endurbætur á húsum og hús sem má fjarlægja:

- Innan Einarshafnarhverfisins er óheimilt að fjarlægja Íshúsið, en heimilt að fjarlægja aðra kofa/útihús þar í kring.
- Æskilegt er að fjarlægja/flytja bílskúr sem tilheyrir Smáratúni inn á lóð Smáratúns.
- Til að styrkja götummynd Búðarstígs og Eyrargötu og styrkja húsaþyrpingu safnasvæðisins er æskilegt að gera upp nokkur hús meðfram götunni í upprunalegri mynd, s.s. Sunnuhvol, Káragerði og Búðarstíg 10b.
- Heimilt er að endurbyggja hlöðuna vestan við Garðhús I í samráði við Minjastofnun.



2.8.3 Reitur 2

Reiturinn nær frá Rafstöðinni, yfir Eyfakotshverfi, Sandvíkurhverfi, Frystihúsið og Háeyrarhverfi austur að Álfsstétt. Stór hluti reitsins er metinn með miðlungs varðveislugildi og á það við nánast allar lóðir meðfram Eyrargötu, að undanskildum sex lóðum. Sandvíkurhverfið er einnig metið með miðlungs varðveislugildi. Að öðru leyti er reiturinn metinn með lágt varðveislugildi, s.s. meðfram Túngötu og við Frystihúsið, bensínstöðina, Sólvelli og lóðir austast á reitnum. Flest húsanna sem standa við Eyrargötu eru eldri en 100 ára eða umsagnarskyld og eiga það sameiginlegt að standa mjög nálægt götunni. Fyrir miðju svæðisins er töluvert rof þar sem Frystihúsið og bensínstöðin standa og er mikilvægt að hönnun götu og frágangur lóða dragi úr þessu rofi. Þrjú hús sem eru 100 ára eða eldri eru það mikið breytt að ekki þykir ástæða til að þau verði vernduð sérstaklega.

Umhverfismótun:

- Leitast skal við að fegra umhverfið á lóðum Frystihússins og bensínstöðvarinnar. Hönnun og mótun lóðanna skal vera í samræmi við umhverfismótun Eyrargötu. Bæði skal hugað að skýrum akstursleiðum og bílastæðum, göngusvæðum og gróðri. Yfirborðsefni gangstétta skal vera hellur eða sambærilegt, ekki malbik.
- Mikilvægt er að varðveita og halda í gamlar götur og traðir sem liggja niður að sjó/sjóvarnargarði. Tryggja skal gönguleið meðfram sjóvarnargarði án þess að spilla sýnilegum fornleifum.

Nýjar lóðir og ný hús:

- Þrjár óbyggðar lóðir eru innan reitsins. Þær eru Bólstaður við Eyrargötu 21 og Eyrargata 13 og
- 15. Nýbyggingar eru heimilaðar á þessum lóðum og skulu þær byggðar skv.

almennum skilmálum fyrir verndarsvæðið.

- Nýbygging er heimil á lóð 3 við Háeyrarveg. Ekki eru sett önnur skilyrði um húsagerð en þau að nýbygging skal vera íbúðarhús á einni hæð.
- Heimilt er að skipta upp nokkrum stórum lóðum, s.s. við Sæfell, Hvol, Gunnarshólma og Smiðshús svo framarlega sem hægt er að tryggja aðkomu að nýjum lóðum án þess að skemma sýnilegar minjar. Ný hús á þeim lóðum skulu taka mið af núverandi húsum sem eru á lóðunum og byggð í gömlum stíl.

Æskilegar endurbætur á mannvirkjum og hús sem mætti fjarlægja:

- Viðbyggingar við Breiðablik eru lýti á húsinu og mætti minnka til muna. Núverandi klæðning hæfir húsinu illa og upphafleg einkenni steinsteypuklassíkur eru horfin.
- Skúr við Háeyrarveg 3 er til lýta og þyrfti að fjarlægja, jafnframt því að þar verði byggt nýtt hús.
- Æskilegt er að útlit Frystihússins taki mið af upprunalegum arkitektúr hússins.
- Mikilvægt er að gerð verði bragarbót á bensínstöðinni. Heimilt er að stækka verslunina.
- Heimilt er að endurbyggja hinn hluta Beitningaskúrsins, sem var austan við þann sem er núna.
- Byggingarár Nýjabæjar, Eyrargötu 8A er skráð 1900 og var þá tveggja bursta hús. Því var breytt í kringum 1940 í svipað horf og það er í dag, með valmaþak og undir áhrifum funkisstíls. Skrautlistar kringum glugga, hurðir og á grindverki falla illa að þeim stíl. Áhugavert væri að færa húsið í sitt upprunalega horf.
- Æskilegt er að gera Björgvin, Hjallavegi 3 upp í upprunalegri mynd.





Kort 29: Verndarsvæði – reitur 2




2.8.4 Reitur 3

Reiturinn nær frá Álfstétt og austur fyrir Hópið og Steinskot. Innan reitsins eru átta hús sem að stofni til eru 100 ára eða eldri. Mundakotsbæirnir I, II og III voru byggðir um og eftir 1900 og stóðu lengi í hnapp og voru ákveðið kennileiti þar sem nánasta umhverfi voru tún. Ásýnd þeirra breyttist mikið við það að Mundakoti I var breytt og nú hefur það svo verið rífið. Ákjósanlegt er að byggja lítið hús í gömlum stíl á lóð Mundakots I og endurvekja þetta gamla samræmi.

Mundakot III hefur tekið breytingum gegnum tíðina en það fellur vel að eldri byggð og auðvelt er að breyta gluggum o.fl. til eldra horfs.

Austurvelli hefur verið breytt mikið og ber það engin merki aldamótahúsanna. Hóp, sem er frá 1909, hefur nýlega verið endurnýjað og fært til eldra horfs. Bjarghús og Ós eru dæmigerð alþýðuhús sem ekki hafa breyst mikið frá byggingu þeirra, nema hvað nýlega hefur verið byggð nokkuð stór skúrbygging við Ós til austurs. Tvö nýleg hús eru við Þykkvaflöt sem byggð eru í gömlum stíl og falla þau vel að eldri byggðinni.





Kort 30: Verndarsvæði – reitur 3



Umhverfismótun:

- Varðveita skal núverandi yfirbragð kirkjugarðsins, minnismerki sem í honum eru og hlaðinn garð. Ekki er gert ráð fyrir að garðurinn stækki frá því sem nú er, enda komnar lóðir beggja megin við hann. Enn er nokkuð pláss fyrir grafir í garðinum í norðvesturhluta hans.
- Hópið ber að varðveita, og einnig hlaðna garða og tóftir sem þar er að finna og kringum Steinskot. Varðveisla Hópsins gegnir fjölbættu hlutverki; varðveisla menningarlandslags, votlendi sem tekur við yfirfallsvatni og frítt svæði sem tryggir fría ásýnd bæjarstæðisins við Steinskotsbæina.

Nýjar lóðir og ný hús:

- Heimilt er að endurbyggja Mundakot I á sama stað og húsið stóð, helst sem líkast upprunalegri mynd eða í gömlum stíl.
- Við Þykkvaflöt 8 er heimilt að byggja hús skv. deiliskipulagi sem er sambærilegt og hús nr. 4 og 6.
- Ef byggt verður á Eyrargötu 9 skal húsið vera á einni hæð og falla að nærliggjandi húsum frá 7. og 8. áratug síðustu aldar.
- Skv. lóðarblaði er gert ráð fyrir lóð nr. 1 við Álfsstétt. Þar má gera ráð fyrir húsi í gömlum stíl og tengja þannig saman austurhluta Eyrargötu og Mundakotshverfið.

Æskilegar endurbætur á mannvirkjum og hús sem mætti fjarlægja:

- Ekki er talin þörf á að fjarlægja hús á þessum reit til þess að ná fram því yfirbragði byggðar sem sóst er eftir.
- Æskilegt er að færa Mundakot III í eldra horf með tilliti til glugga, en ekki endilega upprunalegt horf, þar sem það var á einni hæð

Bílskúrar og viðbyggingar:

- Bæði Ós og Bjarghús eru smágerð og ber að varðveita eins og kostur er án viðbygginga. Ef leyfi er gefið fyrir bílskúrum/gestahúsum á lóðunum, skulu þau hús vera baka til á lóðum og í stærðarhlutföllum sem hæfa íbúðarhúsunum.

Að öðru leyti skal farið að skilmálum gildandi deiliskipulagsáætlana, sjá yfirlit yfir deiliskipulagsáætlanir í kafla 2.0. Óski lóðarhafi eftir breytingu og/eða viðbyggingu við hús, nýjum bílskúr/smáhýsi eða nýju húsi á lóð skal hann leggja fram uppdrætti/áætlun fyrir skipulags- og byggingarnefnd Sveitarfélagsins Árborgar, þar sem gerð er grein fyrir áformunum.

Um breytingar á friðlýstum og friðuðum húsum gildir, að allar breytingar á húsunum og nánasta umhverfi þeirra, s.s. bílskúrar og geymslur á lóð, eru háðar samþykki Minjastofnunar Íslands, skv. lögum um menningarminjar nr. 80/2012. Skipulagsnefnd skal senda mál til meðferðar með a.m.k. sex vikna fyrirvara. Um hús sem byggð eru fyrir 1925, skal leita álits Minjastofnunar Íslands. Þegar álit Minjastofnunar liggur fyrir skal skipulags- og byggingarnefnd taka málið aftur til umfjöllunar og taka mið af umsögn Minjastofnunar. Skipulags- og byggingarnefnd er ekki heimilt að gefa út byggingarleyfi fyrr en samþykki og/eða álit Minjastofnunar liggur fyrir.

Um breytingar og viðbyggingar á öðrum húsum sem og nýjum húsum gildir, að þau skulu uppfylla verndarskilmála þessa. Skipulags- og byggingarnefnd getur hafnað umsókn telji hún hana ekki uppfylla þessi skilyrði.



Samkvæmt 6. gr. reglugerðar nr. 575/2016 um verndarsvæði í byggð skal auglýsing sveitarstjórnar um fyrirhugaðar framkvæmdir innan verndarsvæðis miða að því að tryggja aðkomu almennings og annarra hagsmunaaðila að ákvörðun sveitarstjórnar um leyfi fyrir framkvæmdum innan verndarsvæðis.

Auglýsingu skulu fylgja teikningar og aðrir uppdættir sem lýsa hinni fyrirhuguðu framkvæmd sem og myndir af framkvæmdasvæði eins og það er fyrir framkvæmdir og hvernig ætlunin er að það líti út að framkvæmdum loknum.

UMSAGNARFERLI OG SAMÞYKKT Í BÆJARSTJÓRN



HEIMILDASKRÁ

Ágústa Edwald Maxwell. 2017. *Vesturbúðarhóll á Eyrarbakka. Jarðsjármælingar og könnunaruppgröftur*. Reykjavík. Háskóli Íslands.

Árborg aðalskipulag 2010-2030.

Árni Sverrir Erlingsson. 2006. *Stiklað um íslenska húsagerðarsögu, með áherslu á sunnlenskar byggingar*. Fjölrit. Selfoss.

Guðlaug Vilbogadóttir, Guðný Gerður Gunnarsdóttir, María Gísladóttir. 2019. *Leiðbeiningar 2: Húsaskráning – Huginn – Húsakönnun*. Minjastofnun.

Guðmundur Þórarinsson, Sigurður Andersen. 1997. *Eyrarbyggahreppur Örnefni*. Sjóminjasafnið á Eyrarbakka.

Guðný Gerður Gunnarsdóttir. 2017. *Leiðbeiningar 3: Verndarvæði í byggð. Tillaga og greinargerð*. Minjastofnun.

Inga Lára Baldvinsdóttir. 1998. *Margur í sandinn hér markaði slóð*. Eyrarbyggahreppur.

Inga Lára Baldvinsdóttir (vantar ártal). *Húsin á Eyrarbakka*. Bæklingur. Byggðasafn Árnesinga, Eyrarbyggaklasi og Kirkjustræti ehf.

Jón J. Aðils. 1971. *Einokunarverzlun Dana á Íslandi 1602-1787*. Reykjavík. Heimskringla.

Lilja Árnadóttir. 1989. *Eyrarbygg Húsakönnun*. Þjóðminjasafn Íslands.

Lög um verndarvæði í byggð nr. 87/2015.

Margrét Hallmundsdóttir og Guðlaug Vilbogadóttir. 2015. *Fornleifaskráning vegna breytinga á deiliskipulagi á Eyrarbakka*. Náttúrustofa Vestfjarða og Byggðasafn Árnesinga.

Reglugerð um verndarvæði í byggð 575/2016.

Sigurður Guðjónsson ofl. 1981. *Eyrarbyggahreppur, sveitarlýsing*. Sunnlenskar byggðir II. Flóinn. Búnaðarsamband Suðurlands

Skrá um friðlýstar fornleifar. Fyrsta útgáfa 1990. Fornleifanefnd.

Vigfús Guðmundsson 1949. *Saga Eyrarbygg II*. Reykjavík. Víkingsútgáfan.

Vigfús Guðmundsson 1945. *Saga Eyrarbygg I*. Reykjavík. Víkingsútgáfan.

Þórhallur Bjarnason. 1906. *Búnaðarrit*. Reykjavík, Búnaðarfélag Íslands. (sótt á timarit.is október 2019)



Munnlegar heimildir:

Árni Sverrir Erlingsson

Inga Lára Baldvinsdóttir

Lýður Pálsson

Magnús Karel Hannesson

Ljósmyndir og kort:

Öll kort eru unnin hjá Landform og þær ljósmyndir þar sem ekki er getið sérstakra heimilda, eru teknar af starfsfólki Landform.

Heimasíður:

<https://www.byggdasafn.is/saga-hussins/>

<http://www.eyrarakki.is/um-eyrarakka/husin-a-bakkanum>



VIÐAUKAR: KORT 1-3

